

JARÐHITADEILDIN

KÍSILGÚRVINNSLA
UR LEÐJU MÝVATNS

Niðurstöður athugana gerðra að tilhlutan
Jarðhitadeildarinnar til ársloka 1957

5. eintak af 10

Baldur Líndal
tók saman

Reykjavík í Apríl 1958

JARDHITADEILD

KÍSILGÚRVINNSLA
ÚR LEÐJU MÝVATNS

Niðurstöður athugana, gerðra að tilhlutan
jarðhitadeildarinnar til ársloka 1957

Baldur Líndal
tók saman

Reykjavík,
í apríl 1958

EFNISYFIRLIT

	Bls.
INNGANGUR	1
I. LEÐJAN í MÝVATNI	3
1) Greinargerð Tómasar Tryggvasonar 1955	3
2) Mælingar T.T. 1957	7
3) Efnainnihald leðjunnar í Mývatni	9
4) Gróðrarskilyrði kísilþörunga í Mývatni	11
II. DÆLING OG FLUTNINGUR Á LEDJUNNI TIL VINNSLU	15
A. Dæling á leðju úr vatnsbotninum	15
B. Áætlanir Jóns Steingrímssonar um dælingu og flutninga á leðju úr Mývatni	20
III. TILRAUNIR MED VINNSLU	40
A. Hreinsun með vatnsslemmingu	40
B. Lofthreinsun	42
IV. MARKAÐSATHUGANIR	51

INNGANGUR

Boranir fyrir gufu á Námafjallssvæðinu hófust 1951 og var þá í fyrstu einkanlega miðað við vinnslu brennisteins og annarra efna úr gasi því sem gufunni fylgdi. Sem kunnugt er, voru þessar boranir gerðar í rannsókna skyni, og það varð brátt ljóst, að mikla áherzlu þyrfti einnig að leggja á athugun möguleika til hagnýtingar varma gufunnar. Ekki virtist ástæða til að leggja mikla áherzlu á raforkuvinnslu þarna, því öðru megin er Laxá, en hinu megin Jökulsá á Fjöllum.

Arið 1951 var þegar hugað að hráefnum þarna í grennd, sem til mála gætu komið til vinnslu. Meðal annars var lauslega athugað um mótekju. Vitað var um góðar mómyrar í Reykjavík-hverfi og allt niður undir Húsavík, en nær fannst ekki verulegt magn.

Út frá þessum móathugunum fór athyglín að beinast að Mývatni og sú spurning vaknaði hve mikið af lífrænum efnunum væru í leirnum í vatninu. Æg tók þá sýnishorn af leirnum og fann þar nokkuð af lífrænum efnunum, en minna en ég bjóst við. Dr. Finnur Guðmundsson var manna kunnugastur um eðli Mývatns og því spurði ég hann um leðjuna í vatninu. Sagði hann mér mikið um dýpi vatnsins, enda hafði hann sjálfur mælt það nokkru áður. (Laxárgljúfur og Laxárhraun, Sigurður Þórarinsson, bls. 4.) Hins vegar taldi hann af og frá, að mikið lífrænt efni væri í leðjunni, því sýnishorn, sem hann hafði tekið þarna hefði haft óvenju hátt kísilmagn. Taldi hann ástæðuna kísilþörungagróður vatnsins.

Æg varð því í fyrstu fyrir vonbrigðum af þessari leðju, þótt ég teldi hugsanlegt að hún kynni að vera hagnýt sem kísill. Málið lá þó niðri þangað til vorið 1953, að ég heimsótti Batelle-stofnunina í Bandaríkjum. Æg sýndi sérfræðingunum þar sýnishorn af þessari leðju úr Mývatni og sögðu þeir mér þá, að hún myndi hafa hagnýta þýðingu sem kísiljörð. Þeir gátu samt ekki bent á aðferðir til að hreinsa leðjuna. Við það sat þangað til við Þómas Tryggvason ræddum um þetta nokkru síðar. Tók þá málid

nokkuð að skýrast og lagði Tómas málínu lið með uppörvun um að rannsaka þyrfti þarna gaumgæfilega. Um sama leyti tók ég saman athuganir mínar um þessa leðju og afhenti jarðhitadeildinni skýrsluna.

Seint á sumrinu 1954 var gerð fyrsta tilraun með að dæla leðjunni úpp úr vatninu. Var útbúin til þess fleki og á hantumvar höfð 4" dæla með sogröri niður í leðjuna. Dæling leðjunnar virtist þá auðveld, en tilraunin var ekki fullnægjandi. Þetta önnuðust þeir Július Þórarinson og Ólafur Pálsson, verkfr.

Í nóv. 1954 fór síðan Tómas Tryggvason norður og mældi þykkt leirsins og tók prufur af honum. Sýnishornin voru síðan efnagreind á Atvinnudeildinni og var þá fengið bráðabirgðayfirlit um leðjuna, en þó einkanlega í Ytri-Flóanum.

Nokkrar hreinsunarathuganir gerði ég 1954, en aðallega þó settlunartilraunir í vatni. Sumarið 1955 var tekið allstórt leirsýnishorn úr Mývatni, það þurrkað við gufuna fyrir norðan og hófust síðan aftur hreinsunartilraunir hér á rannsóknastofu Jarðhitadeildarinnar. Sýnishorn af þeim kísilsalla, sem þannig fékkst verusíðan senda til umsagnar erlendis og kom þá fram eindreginn áhugi fyrir þessari framleiðslu í Evrópu. Tómas Tryggvason benti á þá staði, sem helzt væri að senda sýnishorn til.

Sumarið 1956 dvaldist við Mývatn próf. Konrad Richter frá Amt für Bodenforchung, Þýzkalandi. Próf. Richter gerði nokkrar athuganir á leðjunni, sem vikið verður að síðar.

Vorið 1956 fór Tómas Tryggvason aftur til Mývatns á vegum Jarðhitadeildarinnar. Gerði hann þá yfirlitsmælingar á þykkt leðjunnar í öllu vatninu og tók sýnishorn.

Sumarið 1956 var svo gerð tilraun með að dæla verulegu magni af leðju upp. Lánuð var 6" dæla hjá Vitamálaskrifstofunni, henni komið fyrir á fleka á vatninu og leiðslur settar á land. Dælt var upp um 900 m³ af leðju miðað við rúmmál það sem hún hefir í vatninu sjálfu.

I. LEDJAN Í MÝVATNI

Mývatn mun vera 38 km^2 að flatarmáli og er umlukið hraunum á þrjá vegu. Nú orðið er það einkar grunnt og veldur því að nokkru þykkt leðjulag á botni vatnsins, sem hefir fyllt upp og jafnað misfellur upprunalega botnsins. Dýpt vatnsins var mæld af Dr. Finni Guðmundssyni og birtust niðurstöður hans í Laxárgljúfur and Laxáhraun, eftir Sigurð Þórarinsson 1951. Tómas Tryggvason mældi einnig dýpi vatnsins um leið og hann athugaði leðjuþykktina 1954. Á línumni Álfagerði - Syðri-Neslönd reyndist $3,0 - 3,7 \text{ m}$ dýpi nema næst landi við Álfagerði, þar sem það var nokkru grynnra. Í Ytri-Flóanum mældist dýptin mest $1,5 \text{ m}$ og minnst $0,5 \text{ m}$, enda er nokkrar gróður þar í botni sem myndar torfur, sem eru hærri en leðjan umhverfis.

Í sniði ~~XXX~~. frá Álfagerði - Syðri-Neslönd er meðal þykkt leðjunnar $5,05$, en mælingarnar benda til $4,5 \text{ m}$ meðal þykktar í Ytri-Flóanum á línumni Slúttnes-Bjarg. Mesta þykkt leðju í Syðri-Flóanum var þá mæld $8,7 \text{ m}$, en í Ytri-Flóanum fannst $9,6 \text{ m}$ þykkt mest. Leðjan hefir nokkuð jafnt yfirborð og sléttar út misfellurnar á botninum. Mælingar þessar voru þó ekki fulnægjandi til að gefa endanlega hugmynd um magn leðjunnar.

Síðari mælingar Tómasar Tryggvasonar voru gerðar vorið 1957. Eins og hinar fyrri, voru þær gerðar gegnum ís á vatninu. Náðist nú mun betra yfirlit en í fyrra sinnið, og því má telja að frummælingum á leðjumagninu sé þá lokið. Skýrslur Tómasar fara hér á eftir.

1. Greinargerð Tómasar Tryggvasonar 1955

Dagana 26. okt. - 3. nóv. s.l. ferðaðist undirritaður á vegum Jarðborana ríkisins norður í Mývatnssveit til þess að rannsaka botnleðjuna í Mývatni.

Rannsókn þessi var hafin með það fyrir augum, að mæla þykkt botnleðjunnar, einkum í Ytri-Flóanum og að taka sýnishorn úr leðjunni á mismunandi dýpi; svo að unnt sé að ákveða samsetningu hennar.

Mest áherzla var lögð á að mæla og taka sýnishorn fram undan Reykjahlíð og skammt frá norðurlandinu milli Reykjahlíðar og Grímsstaða.

Þá var mælt á línu þvert yfir flóann milli Reykjahlíðar og Syðri-Neslanda, ein mæling gerð milli Hrauneyjar og Slúttness, og mælt á línu milli Slúttness og Reykjahlíðar. Ennfremur var botninn athugaður á allstóri svæði fram undan Vogum og út fyrir Birgistanga og mæld botnleðjan í Helgavogi og Kálfstjörn. Að lokum var þykkt botnleðjunnar mæld með 500 m millibili á línu milli Syðri-Neslanda og Álfتagerðis.

Borholur, sem sýnishorn voru tekin úr, eru merktar rómverskum tölum.

Blandað var saman sýnishornum úr holunum nr. I-XI og aftur úr XII-XVII. Er hverjum dyptarmeter leðjunnar haldið sér í sýnishorni. Með þessu er hægt að fá yfirlit yfir meðalsamsetning leðjunnar á allstórum spildum í vatninu og þær breytingar, sem hún kann að taka með dyptinni.

Sérsýnishorn voru tekin úr holunum nr. XVII og XIX en tvö úr holu nr. XX, annað úr efri hlutanum, en hitt úr neðri hlutanum.

Við mælingarnar og töku sýnishorna var notaður myrabor Búnaðardeildar.

Eftirfarandi tafla sýnir staðsetningu mælinganna, vatnsdýpi og þykkt botnleðju.

Tafla yfir botnmælingar í Mývatni 1955

	Vatn í m.	Leðja í m.
Hola I. ca. 100 m frá norðurlandi, 250 m við Brautarenda	1,5	2,5
Hola II; ca. 100 m frá Brautarenda	1,0	4,75
Hola III, ca. 150 m framan við Bjarg, 200 m frá Höfðanum	1,35	3,55
Hola IV. um 200 m utar, ca. 300 m frá landi	1,0	5,20
Hola V. ca. 300 m vestur af Höfðabarði, og svipaða vegalengd N-af mynni Helgavogs	1,1	5,0

	Vatn í m	Leðja í m
Hola VI. nær miðjun firði N-af holu V .	0,8	4,5
Hola VII. 200-250 m fram af Stóruvík ..	0,7	4,7
Hola VIII. fram af Hrauntanga	0,5	4,5
Hola IX. vestur af Hrauntangahorni	0,65	6.15
Hola X. milli Slúttness og Hrauntanga- víkur	0,8	6,45
Hola XI, norðan við Hrauntangavík	1,0	6,50
Hola XII, 250-300 m WNW af Hrútavogs- tanga	1,0	5,0
Hola XIII, ca. 200 m beint fram af Helgavogi	1,3	7,2
Hola XIV. 500 m W-við holu XIII	1,1	6,0
Hola XV. 500 m nær S-Neslöndum	1,4	4,6
Hola XVI. 500 m nær S-Nesl.	1,5	1,0
Mæling milli Holu XVI. og XVII	1,4	0,7
Hola XVII. 500 m nær S-Neslöndum ca. 100 m undan Skáley	1,3	0,7
Mæling 200 m SE Skáley	1,3	0,8
" 300 " " "	1,3	0,8
" 200 " " Hrauney	1,35	0,8
" mitt á milli Hrauneyjar og Suðurodda Slúttness	1,30	1,1
Mæling ca. 100 m S af austurodda Slútt- ness	1,05	1,75

Mælingar á línu frá S-odda Slúttness að Hótel Reykjahlíð

Mæling ca. 100 m frá Slúttnesi	1,3	1,45
" " 200 " " "	1,1	3,0
" " 300 " " "	1,05	3,5
" " 400 " " "	0,85	3,6
" " 500 " " "	0,8	3,7
" " 600 " " "	0,8	4,45
" " 700 " " "	0,7	3,5
" " 800 " " "	0,6	9,4
" " 900 " " "	0,5	4,7
" " 1000 " " "	0,5	8,5

	Vatn í m	Leöja í m
Mæling rétt austan við Birgistanga	1,5	1,15
Hola XVIII í Kálfstjörn norðanverðri	0,75	3,0
Mæling við norðurland Kálfstj.	0,7	2,8
" " norðausturland Kálfstj.	0,7	4,8
" inni á miðjum Helgavogi	0,9	4,95
" í mynni Helgavogs	1,0	4,5
Hola XIX. ca. 100 m utan við mynni Helgavogs	1,5	6,65

Mælingar á línu frá Syðri-Neslöndum í Álfتageröi

Mæling 120 m frá landi undan Syðri- Neslöndum	3,7	1,8
Mæling 500 m frá S-Nesl.	3,7	2,05
" 1000 " " "	3,5	5,5
" 1500 " " "	3,7	7,3
Hola XX 2000 m frá S-Nesl.	3,3	4,7
Mæling 2500 " " "	3,5	7,0
" 3000 " " "	3,25	4,9
" 3500 " " "	3,4	5,1
" 4000 " " "	3,3	8,7
" 4500 " " "	3,0	5,5
" 5000 " " "	3,0	5,5
" 5500 " " "	2,9	4,9
" á miðjum Álfavogi	2,25	2,75


Í sumum mælingunum varð vart við þétt millilög, og er sennilegt, að þar sé kísiljörðin blönduð eldfjallaösku.

Mælingar sýna ljóslega, að fram undan Reykjahlíð og vestur með norðurlandinu í áttina til Grímsstaða er stórt svæði, sennilega því sem næst 2 km², með 4-6 m þykkri botnleðju. Þegar vestar dregur þynnkar botnleðjan mjög, og er víða undan Neslandatanga sunnanverðum ekki nema tæpur m. á þykkt.

Fram undan Vogum, Birgistanga og Kálfstjörn er botninn ýmist grýttur eða botnleðjan þunn.


A línumni yfir Syðri-Flóann milli Syðri-Neslanda og Álftaggeröis, er botnleðjan víðast hvar 5-7 m. þykk.

Álfto-
gerði



BOTNLEÐJA MÝVATNS

Snið Álfagerði - S. Neslönd



KÍSILJÖRD i MÝVATNI

Botnmælingar 26. okt. - 3 nov. 1955


• Botnmæling

Efri tala: Vatnsdýpi

Nedri tala: Pykkt botnleðju

T.Tr. 1956

1 km



2. Mælingar Tómasar Tryggvasonnar 1957

Mælingar þessar voru framkvæmdar í því skyni að afla vitneskju um þykkt og útbreiðslu leðjunnar á botni vatnsins, ytarlegri en þeirrar, sem fékkst við mælingarnar haustið 1955. Auk þess voru tekin nokkur sýnishorn til efnagreiningar. Haustið 1955 voru einkum tekin yfirlitssýnishorn, þar sem blandað var saman sýnishornum úr mörgum holum úr ákveðinni dýpt undir vatnsborði. Í þetta sinn voru sýnishornin tekin úr einstökum holum, og efri og neðri hluta venjulega haldið sér til efnagreiningar.

Mest áherzla var lögð á mælingar í Ytri-Flóa, enda er gert ráð fyrir, að þar yrði hafizt handa um vinnslu leðjunnar, ef til kæmi. Mælt var með 200 m bili á línu milli nýbýlisins Bjargs og Hjálmutanga sunnan við Grímsstaði, en þverlinur með 400 m millibili voru mældar um flóann. Þá var mælt á línu frá Káraströnd norðvestan við Slúttnes í stefnu að Lambeyri norðan við Kálfstjörn, en ekki varð komiðt nema rösklega hálfu leið vegna ótryggs íss. Einnig var mæld lína milli Hrauneyjar og Dauðaness. Fram undan Helgavogi var bætt við nokkrum mælingum og sýnishorn tekið um það bil 300 m frá landi. Fram undan Vogum voru og nokkrir punktar mældir.

Mælingarnar á Ytri-Flóa staðfesta með litlum breytingum niðurstöður mælinganna haustið 1955. Fram undan Reykjahlíð og milli Reykjahlíðar og Grímsstaða eru stór svæði í flóanum, þar sem þykkt botnleðjunnar nemur 3-6 m. Undan Grímsstöðum eru sker og gryningar, og botnleðjan því fremur þunn. Einnig er grynningsvæði undan Hrauntanga. Þegar nær dregur Slúttnesi þynnkar botnleðjan og er svo um allt svæðið þar vestur og suðvestur af. Í flóanum suðvestur af Vogum mun leðjan einnig vera fremur þunn og slitrott.

Í svokölluðum Bolum, milli austurlandsins og eyja suður af Geiteyarströnd, virðist aftur á móti vera að finna óvenjulega þykkt lag af fremur hreinni botnleðju. Á tveggja km langri línu, sem mæld var milli Krókhólma undan Geiteyarströnd og Þorlákseyrar vestan við Höfða, reyndist þykkt leðjunnar viðast hvar 6-9 m og þar yfir. Á þessari línu varð ekki heldur vart við þétt millilög. Svæðið suðaustur af Mikley er slitrottara. Þar reyndist botnleðjan 3,4-4,6 m þykk í sex stöðum af sjö, sem mældir voru.



A Syðri-Flóa voru mældar fimm þverlinur yfir flóann milli WNW og ESE. Vatnsdýpið er viðast hvar 3,0-3,5 m og botnleðjan þykk að öllum jafnaði.

Austan eyja og í Ytri-Flóa er botnleðjan fremur jöfn og lítið um millilög. Í Syðri-Flóa er þessu nokkurn annan veg farið. Verður þar allvíða vart þunnra millilaga, og þegar kemur 3-6 m niður í botnleðjuna tekur við millilag svo þétt, að erfitt er að komast gegnum það með borinn. Undir þessu millilagi skiptast á mykri og þéttari lög með skömmu millibili og voru flest talin fimm þétt lög í einni mælingu.

Vafasamt er, að unnt sé að vinna harðasta millilagið með dælu, en auk þess má gera ráð fyrir, að undir því sé botnleðjan fátækari að kísiljörð, sen hún er ofan á því. Þegar lokið var fyrstu línumni yfir Syðri-Flóa, var þess vegna látið nægja, að mæla þykkt botnleðjunnar niður að þétta millilaginu. Reyndist hún viðast hvar 3-6 m.

Nokkuð skortir ennþá á, að unnt sé að gera örugg þykktarkort af botnleðjunni. Til þess væri nauðsynlegt, að gera mælingakerfið mun þéttara, en enn er orðið, helzt svo þétt, að hvergi væri lengra bil en 100 m milli mælistöðva. Tilraun sú, sem hér er gerð til þess að skugga jafnþykktarsvæði í Ytri-Flóa er þess vegna ekki sem öruggust. Samkvæmt kortinu má gera ráð fyrir því, að í flóanum sé $2-3 \text{ km}^2$ svæði, þar sem leðjan er þykki en 2 m, og að á því sem næst helmingi þess sé þykktin yfir 4 m, en nái 6 m á nokkrum hö., eða í mesta lagi á nokkrum tugum ha.

Lauslega áætlað má gera ráð fyrir allt að 4 m þykki botnleðju á $12-15 \text{ km}^2$ svæði í vatninu, og nemur það samanlagt 50-60 milljónum teningsmetra.



SNÍÐ FRÁ MÝVATNI

- [Symbol: Hatched box] Vatnssýði
 - [Symbol: Hatched box] Botnileðja
 - [Symbol: Open diamond] Grjótkotn
 - [Symbol: Open circle] Malarkotn
 - [Symbol: Dots] Sandbotn
 - [Symbol: Solid line] Þeitt lag, finn sondur eða eldtjallaaska
 - [Symbol: Arrow pointing down] Föstuvin botni ekki náð
- 0 1 km
0 3
4 6 m
8 10

T.T. 1957

3. Efnainnihald leðjunnar í Mývatni

Leðjan í vatninu er það gljúp ~~at~~ hún veitir litla móttöðu er stöng er ýtt niður í gegnum hana allt til botns. Það er ekki með vissu vitað hve mikil föst efni eru pr. rúmeiningu, en nokkrar mælingar hafa sýnt 17-20% í óhreyfðum leir nálægt yfirborði. Nokkur, oftast þunn sand, eða vikurlög hafa fundist sums staðar í vatninu.

Leðjan er samsett að langmestu leyti af skeljum kísilþörunga, sem fallið hafa til botns í vatninu. Saman við þær er svo dálítið af leir, sandi eða vikri, rætur og önnur organisk efni. Skeljarnar sjálfar nema yfirleitt 50-60% af þunga þurrefnisins, en þær eiga langmestan þátt í rúmtaki þessarar leðju.

Efnagreiningar í leirnum í Mývatni, sem gerðar voru á sýnishornum T.T., benda til þess að leðjan sé nokkru ríkari af framandi efnum, svo sem sandi og leir, næst grunnbergi vatnsins. Samt er hreinasta kísiljörðin viða ekki efst, heldur neðan við miðja þykkt. Kísilsýruinnihaldið, sem efst er viða 72-74% af þurrefni, hefir mest mælzt tæp. 76% neðar í leðjunni. Sé gengið út frá tölunni 74% og bundin kísilsýra reiknuð frá, samkvæmt því, að sennilega bindur Al_2O_3 þrefalt magn kísilsýru, er óbundin kísill 55%.

Glæðitap á þurrefni í leðjunni er 9-12% miðað við yfir 70% SiO_2 , en hlutfallslega minna í kísilsýrusnauðari leðju. Þetta glæðitap stafar frá organiskum efnum, karbónati og bundnu vatni í kísiskeljunum, en þær eru amorft kísilsýru anhydrat.

Járnoxid (Fe_2O_3) nemur yfirleitt 4-6% af þurrefni og aluminium oxid (Al_2O_3) 5-8%.

Kísilþörungaskeljarnar í Mývatni virðast flestar af tveimur megin tegundum. Er önnur staflaga og hin með belg, sem gengur fram í ~~hala~~ að aftan og framan. Myndir hafa verið teknar og stærð ákvörðuð.

Samkvæmt athugun dr. Ira Williams fer 34,2% Mývatnsleirs ekki gegnum 325 möskva siki og er því **stærri** en 44 mikrón á þann mælikvarða. Þessi grófasta stærð, sem hér er átt

við er sennilega einungis sandur, ef dæmt er út frá hliðstæðum athugunum hér. Síðan slemmaði dr. Williams upp í vatni það sem í gegnum sigtið fór og af því félle 19,0% fljótt til botns og kallar hann það miðstærðina í eftirfarandi töflu.

Grófi hlutinn, yfir 44 μ	34,2%
Miðstærðin	19,0%
Fini hlutinn	46,7%

Leirinn er dökkgrár er hann er tekinn úr vatninu, en ljósgrár eftir þurrkun. Eölisþungi hefir verið mældur eftirfarandi:

- (1) Blautur - siginn leir, eölisþ. 1,10-1,15
- (2) " " , **purrefni** 18-26%
- (3) Eölisþungi samfellds þurrefnis 0,4-0,5

Hér fara á eftir efnagreiningar Atvinnudeildar Háskólags á sýnishornum þeim, sem Tómas Tryggvason tók árið 1957:





Niðurstöður rannsóknar
Sýnishorn

Miðað við þurref. (105°C) I	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII
Kísilsýra, SiO ₂ ,%	73,07	75,69	70,77	74,76	72,02	69,27	73,22	75,38
Járnoxid, Fe2O ₃ ,%	4,94	3,94	5,44	4,28	6,02	6,63	4,93	3,83
Aluminíum, Al ₂ O ₃	6,85	4,84	7,48	6,23	7,53	8,08	6,93	5,24
Glæðitap V/1000°C%	9,86	11,35	11,44	10,02	8,19	9,08	9,08	10,28
do V/500°C%	7,53	9,22	9,68	7,88	6,31	7,06	7,42	9,52
Rýrnun við upphitun frá 105°C - 180°C%	1,76	1,56	1,65	1,36	1,58	1,64	1,44	1,68

Lykill að merkingum:

- I. 300m undan Helgavogi Dýpi 1,5 - 3,5 m
- II. Sami staður Dýpi 3,5 - 6,8 m
- III. 1000 m austan við Bekra 7,5 - 8,0 + 9,0 - 9,5
- IV. Sami staður 4,5 - 4,0 + 5,0 - 5,5 + 6,0 - 6,5
- V. Vestur af Hagaeyri 3,5 - 4,0 + 5,0 - 5,5 + 6,0 - 6,5
- VI. 1000 m austur af Belgjar-höfða syðst (100 m S) 4,0 - 9,5
- VII. Krókh.- Þorlákseyri x Nón-tanga-Kálfshólmi. Bolir 3-6 m dýpi
- VIII. Sami staður, 6-9 m dýpi
- I) Purrefni við mótt. I. 17,5 %. II. 17,3 %.

Stækkun 11000



4. Gróðrarskilyrði kísilþörunga í Mývatni

Athuganir Tómasar Tryggvasonar o.fl. hafa sýnt, að kísiljörðin í botni Mývatns hefir myndast á tiltölulega skömmum tíma. Það virðist sennilegt að lag, sem nemur 2-3 metrum að meðaltali hafi myndast á um það bil 2500 árum. Sé svo, hefir aukningin að meðaltali numið 0,8-1,2 mm á ári eða í öllu vatninu $30\text{-}45.000 \text{ m}^3$ árlega. Ástæðan til hins mikla þörungagróðurs hefir verið rannsökuð að nokkru undanfarin ár.

Auk birtu og hinna venjulegu næringarefna, svo sem köfnunarefnis, fosfórs og ýmsra smáefna, er vöxtur kísilþörunga háður kísilsýrumagni og sulfat-magni vatnsins og því að nægilegt loft sé í því. Það virðist sér í lagi vera vöxtur kísilskelinnar sjálfrar, sem krefst hins síðarnefnda, en þörungarnir eru taldir notfæra sér kísilsýru vatnsins með hjálp brennisteinsefnanna¹⁾. Þessi skilyrði virðast vera ríkuleg í Mývatni og skyra að nokkru hinn öra þörungagróður þar, en að því verður nú vikið.

Ljós og loft. Meginhlut Mývatn er nú 3-4 metra djúpur samkvæmt mælingum Tómasar Tryggvasonar 1955. Nyrðri-Flóinn er þó ennþá grynnri, eða víðast hvar um 1 meter að dýpt. Ljóss gæti því vel til botns, nema þegar svifgróður verður sérlega mikill. Bylgjuhreyfinga gætir einnig örugglega til botns enda er mörgum kunnugt, sem við Mývatn hafa verið, að í hvassviðri ýfist botninn tölувert og vatnið verður gruggugra en ella. Bylgjuhreyfingar að botni ættu hins vegar að valda verulegri blöndun, svo að súrefni sé alls staðar fyrir hendi. Ennfremur mun það eiga mikinn þátt í súrefnisgnægð Mývatns, að töluberður straumur er í gegnum það. Laxá, sem úr Mývatni rennur ber fram um $39 \text{ m}^3/\text{sek}^2$ ²⁾. Þetta vatn rennur mestmeginnis í Mývatn undan hraunum, austan til við vatnið, víða á strandlengjunni norður að Reykjahlíð.

1) Joyce C. Lewin, The Journal of General Physiology, Vol. 37, no. 5, pp 589-599, 1954.

2) Sigurjón Rist, Íslensk Vötn, bls. 96 (Reykjavík 1956)

Petta vatn er án efa súrefnisrikt og það stöðvast vart svo lengi í Mývatni að um verulega súrefnisrýrnun sé að ræða. Það við núverandi dýpi ætti það að taka um það bil 1 til 1 1/2 mánuð að vatn, sem í Mývatn rennur að austan komist í Laxá.

Nokkrar súrefnismælingar í Mývatni voru framkvæmdar árið 1934 af þýzkum manni 1). Tók hann sýnishorn gegnum ís á Mývatni og fann 5,82 ccm/l, sem styður mjög að sjaldan gæti nú súrefnisskorts þarna.

En í fyrstu hefir Mývatn að sjálfsögðu verið mun dýpra og þá víða 8-10 metra djúpt. Mun minni hreyfing hefir verið við botn vatnsins þá og gróðurskilyrði eitthvað verri að þessu leyti. Hins vegar hafa tilraunir sýnt, að súrefnisskortur háir vexti kísilþörunga og að loftýfing á vatninu örvar hann²⁾.

Nærингarefn Mývatns. Það er alkunna að steinefnaríkt vatn hefir örванди áhrif á gróður. Í því er oft töluvert af kalí og fosför, sem undir venjulegum skilyrðum nægir til áburðar, auk margra nauðsynlegra smáefna. Bundið köfnunarefni mun þá venjulega vera tiltölulega lítið í slíku vatni og sulfat og kísilsýra mun minna en á sér stað við Mývatn.

Í Mývatn rennur að kalla má tvenns konar vatn, og eru báðar tegundir efnaríkar. Í fyrsta lagi vatn, sem hefir orðið efnaríkt á að sitra gegnum unghraun og foksand á Mývatnöræfum og í öðru lagi vatn frá jarðhitasvæðum í grenndinni. Hátt magn uppleystra efna virðist einkenni vatns á norðanverðum Mývatnsöræfum og þó einkanlega áberandi hátt sulfatmagn.

Sunnantil við Mývatn rennur Grænilækur í vatnið og einnig koma í það vatnsmiklar lindir undan hrauninu við Grjótavog norð-austan Garðs. Petta vatn er mjög líkt því sem venjulegt er í norðanverðum Mývatnsöræfum svo sem í Kráká, Hrossaborgarlind og Svartá í Bárðardal. Í Garðslindunum nema uppleyst efni um 95 mg/l, kísilsýra (SiO_2) 21 kg/l og sulfat 8-10 mg/l (og leiðin er um 0,121).

1) Lambe, Karljosef, Zeitschrift für Fisherei und deren Hilfswissenschaften, xxix, 5 1941

2) Lewin, Loc. cit.

RAFORKUMÁLASTJÓRI


Myvatn

26.4.58 E.Lind./PJ


Tnr. 4

J- Myvatn

Fnr. 3961



○ Sultor i mygl
Sjishorn i Myvatni 8.4.54.



Á sama hátt hefir sulfat í Grænalæk mælzt frá 7-10 mg/l árin 1953-1955 (og leiðin verið um 0,130). Í Kráká hefi r sulfat mælzt 9-11 mg/l. Í Svartá og Suðurá 9 mg/l. Í Hrossaborgarlind 10 mg/l. Hins vegar er sulfatmagn vatna á hálendi Íslands venjulega aðeins 1-3 mg/l og uppleyst efni samtals aðeins 50-80 mg/l. Í næsta nágrenni Mývatnssvæðisins má finna eðlilegt sulfatmagn svo sem í Fnjóská, þar sem sulfat hefir mælzt 1 mg/l og í Ljósavatni einnig 1 mg/l. Einnig má geta þess, að í Sortulæk, sem rennur úr Sandvatni norðan Mývatns mældist sulfat aðeins 1 mg/l, enda hefir það vatn ekki aðrennsli frá ungum hraunum né miklum foksöndum.

Önnur vatnsteigundin, sem í Mývatn rennur virðist eindregið blönduð jarðhitavatni. Strax þegar komið er á austurströnd Mývatns tekur steinefnamagn að hækka. Sulfat nemur 15-20 mg/l við Geitabjarg og Óhappatjörn. Við Geitastrandarvog er það 20-26 mg/l og við Kálfatjörn allt að 74 mg/l og við Helgavog 69 mg/l. Þessir síðarnefndu staðir eru við Ytri-Flóa og hafa 23-26 stiga heitt vatn sem er að einhverju leyti afrennsli Námafjallsjarðhitasvæðisins. Þetta vatn inniheldur enn fremur 70-80 mg/l af kísil (SiO_2), sem er 4 sinnum hærra en venjulegt er um ferkst vatn, og um það bil 5 sinnum meira af uppleystum efnum samanlagt. Er hér um að ræða verulegt vatnsmagn sem sjá má af því, meðal annars, að sulfatmagn Laxár er helmingi hærra en í Grænalæk, og mun þetta vatn úr Ytri-Flóanum einkanlega eiga þátt í því.

Loks er svo vatnið í Mývatni sjálfu, sem er sambland af þessum áðurnefndu lindum. Sulfatmagn Ytri-Flóans hefir mælzt 40-55 mg/l, en Syðri-Flóans frá 10-26 mg/l, og eru þá undanskylðar víkur og vogar, þar sem blöndunar gætir lítið. Laxá (Hólskvísl) inniheldur venjulega 18-20 mg/l sulfat sem fyrr segir.

Aberandi eiginleikar vatnsins í Mývatni eru því hátt magn uppleystra efna og þó sér í lagi hátt sulfat magn. Auk þess kann að vera fyrir hendi óvenjulegt magn af bundnu köfnunarefni, sem stafar frá Námafjallsjarðhitasvæðinu, en í gufunni þar er vottur af ammoniaki.

Nú mun talið að vöxtur kísilþörunga sé sérlega háður kísilmagni og sulfatmagni þess vatns sem þeir vaxa í. Augljóslega er kísillinn jafnvel takmarkandi fyrir vöxt skeljarinnar jafnvel þótt önnur vaxtarefni séu öll fyrir hendi. En þótt sulfat taki ekki beinan þátt í vexti, hefir verið sannað að brennisteinssambönd eiga einnig þátt í kísilupptöku þörunganna¹⁾. Gerum t.d. ráð fyrir að meðal kísilinnihald vatns, sem rennur í Mývatn væri 60 mg/l og að allt færi að til uppbyggingar kísilþörungaskelja, námi það um 3000 tonnum hálft árið. Það myndi samsvara um 30.000 m³ af leðju, sem er líkt magn og mælingar benda til á leðjumagninu sjálfu, svo kísilmagn vatnsins gæti verið takmarkandi atriði á vöxtinn.

1) Lewin, Loc. cit.

Vatn sem rennur í Mývatn og vatn á Mývatnssvæðinu

Staður	Dags. af	Efnagr. af	Tekið af	Hita- stig.	Leiðni	Uppl. efni	Harka mg/1 CaCO ₃	Ca mg/1	Cl mg/1	SO ₄ mg/1	SiO ₂ mg/l	CO ₃ = mg/1	CO ₃ mg/1	pH
Dallind, Hlíðard.	15-10-55	B.L.	B.L.		0,340	204		1	52					7,5
Grjótagjá	8- 8-49	S.H.		42	0,43	63		21	87	111				
Stóragjá	8- 8-49	S.H.		26	0,390	75		16	73	80				
Helgavogslind	11-10-53	B.L.	B.L.					48						7,9
"	19-5-57	Atv.d.	S.R.			292,8	60,4	20,6	9,2	68,1	69,6		152,9	8,50
"	5-7-56	"	S.R.			281,2	63,1	19,4	10,2	68,8	73,6	7,2	106,1	8,38
Kálfatjarnarlindir	11-10-53	B.L.	B.L.		0,392			54						8,0
"	25- 9-54	B.L.	S.P.	23	0,387			74						
Vogalind	11-10-53	B.L.	B.L.	12	0,360			46						8,1
G.strandarvogsliind	11-10-53	B.L.	B.L.		0,182			20						8,0
"	8-11-54	B.L.	B.L.					25						
"	25- 9-55	B.L.	S.P.	7	0,187			25						
"	19- 5-57	Atv.d.	S.R.			124,8	40,6	11,1	3,2	26	18,8	22,2	39	9,1
K.strandarvogur, nyrðri								14						8,0
Lind við Geitabjarg	11-10-53	B.L.	B.L.											
Lind við Óhappatjörn	11-10-53	B.L.	B.L.					15						
" " "	8-11-54	B.L.	S.P.	3				20						
Grjótavogur v. Garð	8-11-54	B.L.	B.L.		0,135			10						
" "	25- 9-55	B.L.	S.P.		0,121			8						
" "	10- 5-57	Atv.d.	S.R.			100,4	16	6,3		7,9	25,2			
Grænilækur	11-10-53	B.L.	B.L.		0,130			10						7,5
"	8-11-54	B.L.	S.P.					9						
"	25-9-55	B.L.	S.P.		0,129			7						
"	19- 5-57	Atv.d.	S.R.			142,4	20,4	10,0	2,8	8,6	47,6			
Mývatn-Ytri-Flói, undan R-hlíð	8-11-54	B.L.	S.P.					40						
" " " Eldhr.-Slúttnes	8-11-54	B.L.	S.P.					55						
" " undan S-Höfða	8-11-54	B.L.	S.P.					44						
" Syðri-Fl.Nesl. vík	8-11-54	B.L.	S.P.					6						
" " undan Geitey	8-11-54	B.L.	S.P.					22						
" " undan Sviðinsey	8-11-54	B.L.	S.P.					21						
" " undan Sýreyjum	8-11-54	B.L.	S.P.					26						
" " innan Hrúteyjar	8-11-54	B.L.	S.P.					10						
" " Álfavogur	8-11-56	B.L.	S.P.					18						
" " Mikleyjarsund	19-5-57	Atv.d.	S.R.			146,0	26,0	11,7	3,2	11,0	58,0	(27,0)	(23,2)	(10,42) pH vafasamt v.geymslu
" " hjá Sviðinsey	18-5-57	Atv.d.	S.R.			191,2	31,4	20,6	4,2	10,7	82,8	(30,0)	(17,1)	(10,48) pH "

Staður	Dags.	Efnagr. af	Tekið af	Hita- stig	Leiðni	Uppl. efni	Harka mg/l CaCO ₃	Ca mg/l	Cl mg/l	SO ₄ mg/l	SiO ₂ mg/l	CO ₃ mg/l	CO ₂ mg/l	pH
Laxá, Hólskvísl	18- 5-57*	Atv.d.	S.R.		183,2	13,7	31,6	2,7	12,5	70,4	(25,8)	(22,6	(10,08)pH vafasamt v.geymsl	
" "	8-11-54	B.L.	S.P.					20						
" "	7- 9-55	B.L.	B.L.					18						
Sortulækur	8-11-54	B.L.	S.P.					1						
Helluvaðsá	7- 9-55	B.L.	B.L.		0,151				10					
Kráká, við veg	25- 9-55	B.L.	B.L.		0,122				9					
Kráká framan engja	8-11-54	B.L.	S.P.					11						
Kráká, lækur Sellandsfj.	17- 7-55	B.L.	B.L.		0,071			2						
Kráká, Hagalækur	17- 7-55	B.L.	B.L.		0,120			13						
Kráká, drög	17- 7-55	B.L.	B.L.		0,132			15						
Kráká, við veg	18- 5-57	Atv.d.	S.R.		98,4	19,4	8,6	1,2	10,5	19,2	(27,0)	(7,3)	(10,66)	
Reykjadalsá	7- 9-55	B.L.	B.L.		0,130			1						
Svartá, Bárðard.	3- 9-55	B.L.	B.L.		0,098			9						
Suðurá, Bárðard.	3- 9-55	B.L.	B.L.		0,104			9						
Ljósavatn	26- 8-55	B.L.	B.L.		0,055			1						
Fnjóská	26- 8-55	B.L.	B.L.		0,055			1						
Hrossaborgarlind	4-9 -55	B.L.	B.L.		0,143			10						

*Pessi sýnish. tekin í leysingum, svo eflaust er um þynningu að ræða

III. DÆLING OG FLUTNINGUR Á LEDJUNNI TIL VINNSLU

Til þess að kísilleðjan hafi beint hagnýtt gildi, þarf að hreinsa hana. Þessi hreinsun er einkanlega falin í því, að losa hana við vatn, sand, leir og lífræn efni. Auk þess er kísilgúrinn svo sérstaklega unninn til mismunandi nota.

Við Mývatn þarf fyrst að dæla leirnum upp úr vatninu, svo að flytja hann að jarðhitasvæðinu með dælingu eða á annan hátt, þá purrka hann, skilja frá sand og önnur óvirk efni o.s.frv.

(A) Dæling á leðju úr vatnsbotninum

(1) Dæling á leðjunni var í fyrsta sinn reynd í smáum stíl árið 1955 af þeim Júlíusi Þórarinssyni, dælingamanni og Ólafi Pálssyni, verkfr. Þúin var til allstór tunnufleki og prófað var að dæla leðju í tunnur á flekanum með 4" vatnsdælu. Sogrör hennar var látið síga niður í leðjuna og sogaðist hún auðveldlega inn í frörið eftir því sem séð var þá. Í skýrslu Júlíusar segir svo: Það er mjög líkt að dæla þessum leir og vatni. Eg tel að það megi dæla alltaf 50% leir af því sem fer í gegnum dæluna, ef dælan er góð og heppileg til að dæla þessum leir upp.

(2) Tilraun með dælingu var aftur gerð sumarið 1957. Var nú gerð tilraun til að dæla nokkru magni af leðju upp í svonefndar Sandlágar við Helgavog. Útbúnaður var líkur og áður, nema nú var notuð 6" dæla með flotleiðslu í land og enn fremur framhaldsleiðslu upp í Sandlágar. Var nú vandinn mun meiri vegna 150 metra flotleiðslu og þar að auki 7 metra lyftihæðar upp í lágarnar. Skýrsla Ólafs Pálssonar, verkfr., sem hafði umsjón með dælingunni fer hér á eftir:

(3) Skýrsla Ólafs Pálssonar, dags. í okt. 1957

Leirþró við Mývatn

Pann 7. maí s.l. fór undirritaður með Baldri Líndal, verkfræðingi til Mývatns, til að velja stað fyrir þró, sem dæla mætti leir úr Mývatni í til reynslu. Jafnframt athuguðum við aðstæður með tilliti til dælunar o.fl.

Leizt okkur bezt á tvö staði í námunda við Helgavog sunnan Reykjahlíðar.

Mældi undirritaður upp bæði þróarstæðin og gerði uppdrætti að þeim, sem hér fylgja með.

Þau atriði, sem æskilegt var að fá vitneskju um með reynsludæluninni voru þessi:

- 1) Er auðvelt að dæla leirnum upp?
- 2) Hvernig hagar leirinn sér í því ástandi sem hann er í vatninu og hvernig er auðvelt að ná honum inn í sogleiðsluna?
- 3) Hve langan tíma tekur það leirinn að botnfalla í þró, sem búið er að dæla honum í?
- 4) Hvert er ástand leirsins eftir að meginhluti vatnsins er horfinn úr honum?

Ein aðalkostnaðarhlið við leirvinnslu verður byggingarkostnaður þróna, sem leirinn á að setjast í. Þótti því æskilegt að fá nokkra vitneskju um, hvernig mætti gera þrær fyrir leirinn með sem minnstum kostnaði. Svo hagar til viða við Mývatn, að hraun er þar undir og ofan á því nokkurt lag af jarövegi, sem er grasi gróinn.

Koma þá fram spurningarnar:

- 5) Er hægt að nota síkan grasbotn í þrónum og hversu ört sigur vatnið niður í gegn um leirlag á botnинum?
- 6) Er hægt að hafa varnargarða úr sandi og möl, sem hliðar í þrónum?

Eins og áður getur komu tveir staðir til greina fyrir þrærnar. Annar var í kvos inn af Helgavogi. Suðurhlið þróarinnar myndar hraunjaðar, sem nær þar út að vatninu, Botn, norður og austurhlið eru grasi vaxin, en að vestan er snýr að vatninu þurfti að gera 40-50 m langan varnargarð. Full átti þróin að geta rúmað 7300 m³ af vatni og leir.

Hinn staðurinn var í svonefndum Sandlágum við Helgavog um 140 m frá vatninu. Þær eru umluktar grasbrekkum á þrjá vegu en loka þurfti þrónni með um 50 m löngum varnargarði úr sandi og möl að vestan. Rúmmál þróarinnar fullrar átti að vera 8100 m³,

Akveðið var að gera þróna í Sandlágunum, einkum vegna þess að ekki þótti nægilega öruggt að nota hraunjaðarinn sem hlið í þrónni, sömuleiðis var botn hennar lítið yfir

vatnsborði og hefði þá ekkert svar fengist við 5. spurningu. Hinsvegar hafði þróin í Sandlágunum þann mikla ókost að þar þurfti að lyfta efninu upp í 9 m hæð yfir vatnsborð Mývatns í stað 3,5 m á hinum staðnum,

Þegar þrónni hafði verið valinn staður var hafist handa um undirbúning tilraunarnarinnar. Leitað var eftir dælu til verksins. Talið var að 8" við dæla með leiðslum yrði of þung í vöfum til þess að hafa úti á opnum fleka úti á vatninu. Var því fengin 6" dæla eign Vitamálaskrifstofunnar, þungi hennar með hjólum var 5,5 tonn. Aflvél hennar var talin 40 hestöfl, en ekkert skal fullyrt um það hér hvort svo hafi verið, eða hvort fullt samræmi hafi verið milli aflvélar og dælu, en aflvél einnig virtist ganga mjög þunglega að sögn.

Þá var smíðaður fleki úr trégrind, sem hvíldi á tunnum, fyrir dæluna, einnig grindur undir flotleiðsluna frá flekanum í land.

Síðast í júlí var undirbúningi lokið og var þá gerð tilraun til að dæla, en þá sprungu samtengingar á flotleiðslunni, sem orsökuðu nokkra töf á framkvæmdum. Dælun hófst ekki fyrr en 9. ágúst og var hætt 24. sept., á þeim tíma var verið við dælun í 122 klst.

Dælt var upp leir skammt undan Hrútavogstanga, var flotleiðslan um 100 m á lengd og leiðslan alls því yfir 200 m. Þykkt leirlagsins var þarna um 6 m. Soghæð dælunnar var um 2 m, en þrýstihæð 7 m. Vegna mikillar þrýstihæðar var sogkrafturinn lítill. Segja má, að við dælunina hafi komið í ljós, að ekki var eins mikil orka fyrir hendi og æskilegt hefði verið.

Eins og áður var getið, var dælunni komið fyrir á tréfleka. Sogrörið var fest við gálga og hreyft með handaflí, sem gekk erfiðlega. Var því ekki hægt að starfa við dælunina nema þegar veður var kyrrt og skyrir það að nokkru hve dælutímarnir voru fáir.

Dælt var mest um 3 m niður í leirlagið, virtist leirinn verða þéttari fyrir eftir því sem neðan dró. Í honum var lag af vikri eða sandi um 5 sm á þykkt, eins fannst vottur af smásteinum.

Þegar dælt var í rásum, virtist bakkin til hliðar síga seint eða mjög lítið niður. Betri raun gaf að taka fyrir stærri svæði í einu og láta sogendann hreyfast í fleti.

Þar sem vatnið og leirinn komu í þróna, myndaðist dálítill tjörn, en vatnið seig að mestu jafnóðum niður gegn um grasrótina og leirinn varð eftir. Kom nokkur hluti vatnsins fram undan brekkunni vatnsmegin við þróna. Ekkert vatn fór í gegn um garöinn. Mestur hluti þess hefur því farið niður gegnum jarðveginn og hraunið, sem undir þróarbotninum er. Lekinn gegnum grásrótina virtist minnka eftir því sem lengur var dælt. Hefur því nokkurt leirmagn setzt að í henni og þétt hana.

Hve mikill hluti af hinu dælda efni hefur verið leir er ekki mögulegt að geta sér til um. Leirmagnið mun hafa aukizt að því er virtist, eftir því sem leið á dælunina. Einu sinni, við meðal afköst, var vatnsfata sett undir bununa í þrónni. Vatnið var síðan þurrkað burt og reyndist leirmagnið þá vera um 16% af heildarrúmmálínu. Gefur þetta lítilsháttar vís-bendingu um leirinnihald vatnsins. Að lokinni dælun í haust voru um 700 m³ af signum leir í þrónni. Er hann í jarðröku ástandi, svo auðvelt mun vera að moka honum upp. Afköst hafa því orðið um 6 m³ af signum leir á dældan tíma, sem má teljast allgott eftir atvikum.

Árangur verður að miðast við það, að þessi tilraun var gerð með ófullkomnum tækjum og varð að notast við það sem fékkst til hennar, þótt betri útbúnaður hefði verið nauðsynlegur til að draga ákveðnar ályktanir af henni.

Július Þórarinsson verkstjóri annaðist undirbúning dælu-búnaðarins og lagði á ráð hvernig haga skyldi dæluninni, en verkstjórn á staðnum hafði Snæbjörn Pétursson í Reynihlíð.

Að lokum skal reynt að gefa fyllri svör við spurningunum hér að framan, en þegar hefur verið gert.

- 1) Auðvelt er að dæla leirnum. Ef um stærri dælun er að ræða ætti þvermál leiðslu ekki að vera þrengra en 8".
- 2) Eins og áður getur urðu nokkrir erfiðoleikar við að soga leirinn inn í leiðsluna vegna þess að leirbakkimí vatninu féll ekki niður vegna seigju leirsins. Ef nægur sogkraftur hefði verið fyrir hendi og pramminn og sogröríð verið hreyft með vélarkrafti (spilum), hefði verið hægt að rífa bakkann niður. Hinsvegar er líklegt að afköst dælunnar verði mest með því að hafa hníf til að skera leirinn framan við enda sogrörssins.

- 3) Tilraunin ~~gaf~~ ekkert svar við þessari spurningu.
 4) Er þegar svarað.
 5)
 6) Tilraunin hefur svarað þeim jákvætt svo langt sem hún nær.
 Ef þetta, að hægt er að skilja meginhluta vatnsins frá leirnum gegnum grasrótina, reynist einnig rétt, þegar um mikið magn er að ræða, gefur það vonir um hagkvæmari lausn á einum dýrasta hluta vinnslunnar, en reikna hefði mátt með að óreyndu.

(4) Prufa sú, sem Ólafur Pálsson. visar til í ofangreindri skýrslu og innihélt 16% leðju miðað við sigið efni, reyndist innihalda 3,2% þurrefnini. Það svarar til 80% vatns í signu leðjunni og er það mjög nálægt því sem er í óhreyföri leðju í Mývatni (efsta lagið).

Sýnishorn voru tekin af leðju þeirri sem dælt var upp um líkt leyti og Ólafur Pálsson mældi rúmmál hennar, benda til að rúmmál það sem honum mældist 700 m^3 myndi samsvara 900 m^3 miðað við óhreyfða leðju í vatninu. Leðjan dregst saman við vatnsmissi.

Síðasta dæling fór fram hinn 24. sept., en 10. okt. var leðjan mikið sigin og breiðar sprungur höfðu myndast, sem náðu langt niður í leðjuna. Sýnishorn voru þá tekin í mismunandi fjarlægð frá leiðsluendanum. Efnagreining sýndi eftifarandi:

Sýnh. nr. Fjarlægð frá leiðslu Raki %, Kísilsýra % Glæðitap

1	4 m	62,5	59,5	4,58
2	8 m	72,6	66,5	9,78
3	12 m	76,0	72,0	13,10
4	16 m	76,0	70,7	14,43
5	20 m	76,2	73,3	13,84
6	36 m	81,7	78,8	12,10

BOTNLEDJA MÝVATNS


Samkvæmt mælingum høstíð 1955
og apríl 1957

• Mælingarstaður og þykkt botnleðju

◎ Sýnishorn teknir 1957

T.T. 1957

1 km



(B) Aætlanir Jóns Steingrímssonar, verkfr., um dælingu á leðju úr Mývatni og flutninga á henni

Mánuðina febrúar - mars 1957 vann Jón Steingrímsson, verkfr. hjá jarðhitadeildinni og gerði þá útreikninga varðandi dælingu og flutningu á leðju úr Mývatni.

Fara skýrslur hans hér á eftir:

(1) Leirtaka við Mývatn

Yfirlit yfir stofnkostnað og rekstrarkostnað dælu-kerfis og flutningatækja fyrir 20, 50 og 100 þús. tonn af þurrefnum árlega frá Ytri-Flóa í Mývatni að hverasvæðunum vestan og austan Námafjalls.

Árlegt magn þurrefna þús.tonn	Hvera-		Stofnkostnaður millj.kr.	Rekstrarkostn. kr/tonn þurrefni	
	svæði vestan eða austan	Dæling		Akstur	Dæling
AI 20	vestan	4,65	1,62	59,00	35,74
BI 50	"	7,65	2,99	36,40	27,08
CI 100	"	10,13	4,98	23,89	23,99
AII 20	austan	6,88	1,92	97,50	48,83
BII 50	"	11,49	3,59	53,70	38,98
CII 100	"	15,38	6,48	36,52	37,02

Dæling

Yfirlit - Niðurstöður

Athugaðir eru möguleikar á að dæla mismunandi magni af leir til hverasvæðanna beggja megin Námafjalls. Er gert ráð fyrir að nota dælupramma, sem sogar leirinn af botni vatnsins og skilar honum í þró við vatnið. Tekur aðaldælan þar við leirnum og dælir honum gegn um stálpípur í þrær eða tjarnir á hverasvæðunum.

Stofnkostnaður mannvirkisins og einingarverð leirsins er áætlað miðað við, að dælt sé (A) 20.000 tonnum og (B) 50.000 tonnum af þurrefnum árlega til hverasvæðanna (I) vestan fjalls og (II) austan fjalls, Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu I.

Tafla I.

Áætlaður stofnkostnaður dælukerfis og einingarverð leirs við dælingu frá Myvatni að hverasvæðunum við Námafjall.

	Árlegt magn þurrefna tonn	Hvera- svæði	Stofnkostn. millj. kr.	Verð pr. tonn þurrefni kr.
A I	20,000	vestan	4,65	59,00
A II	20,000	austan	6,88	97,50
B I	50,000	vestan	7,65	36,40
B II	50,000	austan	11,49	53,70

Leirinn

Samkvæmt mælingum, sem gerðar voru í Myvatni í okt. og nóv. 1955, má ætla, að á $6,5 \text{ km}^2$ svæði í Ytri-Flóa séu 16-20 millj. m^3 af kíslleir. Þessi leir er um 14-15% þurrefni, en við dælingu sogast vatn með leirnum þannig, að þurrefna hlutfall þess leirs, sem dælt er, mun vera nálægt 7%.

Eölisþyngd leirsins eins og hann er á botni vatnsins, (þ.e. 14% þurrefni) er 1,09. Hagar blandan sér mjög líkt þixotropiskum vökva, sem hefur seigju (viscosity):

$$\mu = \mu_v \cdot (L + 2,5)$$

þar sem μ_v er seigja vatnsins og rúmmálahlutfall þurrefnanna í blöndunni (= 0,022 við 7% þyngdarhlutfall og eölisþyngd 1,05). Verður þá seigjan 5,5% meiri en í vatni, en þar sem eölisþyngdin er 5% meiri, verður hlutfallið milli seigju og eölisþyngdar (kinematic viscosity) það sama og vatns ($1,77 \cdot 10^6 \text{ m}^2/\text{sek}$ við 0°C), og má því líta á þessa leirdælingu sem um dælingu vatns væri að ræða.

Lýsing á dælukerfi

Í áætlun þessari er gert ráð fyrir að taka leir af botni Myvatns og dæla honum í þrær á hverasvæðunum við Námafjall. Þar er leirinn láttinn setjast til, unz hagkvæmt er að taka hann og þurrka við hverahita, en um þann hluta verksins verður ekki fjallað hér.

Dælukerfið skiptist aðallega í 5 hluta: flekadælu, þró við Myvatn, aðaldælu og dæluhús, leiðslu og þrær á hverasvæðunum.

Flekadælan sogar leirinn upp úr vatninu og dælir honum á einn stað við vatnið. Er hægt að flytja hana úr stað án mikillar fyrirhafnar, þar eð hægt er að lengja eða stytta þróstileiðslu hennar eftir þörfum með fáeinum handtökum.

Safnþróin við Mývatn tekur við afköstum flekadælunnar. Er hún nokkurs konar forðabúr fyrir aðaldæluna vegna ójafnra afkasta flekadælunnar, svo sem fram kemur við lengingu eða styttingu leiðslunnar frá flekanum, svo og vegna misjafns starfstíma dælanna ef einhver yrði. Ekki er gert ráð fyrir að leirinn nái að setjast til að neinu ráði í þessari þró.

Aðaldælan tekur leirinn úr einum stað í þrónni og dælir honum í einum áfanga að hverasvæðunum. Gert er ráð fyrir, að hún sé rafknúin, en þó gæti verið heppilegt að knýja hana með dieselhreyfli, einkum ef skortur er á nægilegu og öruggu rafmagni til dælingarinnar.

Utan um aðaldæluna og stjórntæki hennar þarf að vera vandað hús með fullnæggjandi vinnuskilyrðum fyrir allar minni háttar viðgerðir og eftirlit.

Læiðslan myndi vera rafsoðin saman úr stálþípum. Myndi hún vera ofanjarðar að mestu og hvíla á steyptum undirstöðum með nokkru millibili. Hún þarf að vera tengd við vatnsleiðslu þannig, að skola megi leirnum burt áður en dælingu er hætt. Að sjálfssögðu þurfa að vera hanar á hæstu og lægstu stöðum leiðslunnar vegna tæmingar og áfyllingar hennar. Ekki er gert ráð fyrir að einangra leiðsluna gegn frosti.

Þróin á hverasvæðinu gegnir tveimur hlutverkum. Í fyrsta lagi er hún forðabúr verksmiðjunnar yfir vetrarmánuðina, þegar ekki er dælt vegna frosta, og í öðru lagi færi leirinn þarna tækifæri til að setjast til. Þarf hún að vera útbúin með yfirfalli, sem hækka má eða lækka eftir þörfum, svo að fleyta megi burtu vatninu, sem sezt ofan á leirinn. Þrónni þyrfti að skipta í a.m.k. 3 hólf þannig, að fylla megi eitt meðan annað er tæmt og leirinn að setjast til í því þriðja.

Stærð og kostnaðaráætlun

Gert er ráð fyrir að flekadælan starfi í 16 stundir á sólarhring í 4 mánuði á ári, eða í 1750 stundir árlega, og þá gert ráð fyrir nokkurri reksturstruflun vegna bilana og breytinga á leiðslu. Þar eð dælan þarf að skila frá seð 20000 (50000) tonnum af þurrefnum árlega, þarf hún að afkasta 43,4 (109) l/sek miðað við 7% þurrefnainnihald, 1750 stunda starfstíma og eðlisþyngd 1,05. Samsvarandi pípustærðir og þrýstítöp verða þá:

Bezta pípustærð:	(A) 8,6"	(B) 12,9"
------------------	----------	-----------

Næsta standard stærð:	10 "	14 "
-----------------------	------	------

Þrýstítap, mVS/km:	5,1"	5,3"
--------------------	------	------

Sé miðað við 2000 m leiðslu, 5 m hæðarmun og 70% dælunýtni, verður aflþörfin:

$$(A) h_f = 2 \times 5,1 = 10,2$$

$$\begin{aligned} h_s &= \underline{\underline{5,0}} \\ &= 15,2 \end{aligned}$$

$$\text{aflþörf} = \frac{43,4 \times 15,2}{0,7 \times 75} = \underline{\underline{12,6 \text{ hö}}}$$

$$(B) h_f = 2 \times 5,3 = 10,6$$

$$\begin{aligned} h_s &= \underline{\underline{5,0}} \\ &= 15,6 \end{aligned}$$

$$\text{aflþörf} = \frac{109 \times 15,6}{0,7 \times 75} = \underline{\underline{32,4 \text{ hö}}}$$

Verð flekans með öllum útbúnaði er áætlað 0,7 millj. kr. fyrir afkastaminni flekann, en 1 millj. kr. fyrir þann afkastameiri.

Með því að loka mynni Helgavogs, þar sem það er þrengst (55-60 m) fæst um 5000 m² tjörn. Dýpi í voginum hefir mælt 0,9 m niður að leirlaginu og 4,95 djúpt leirlag eða alls 5,85 m. Sé gert ráð fyrir 3 m meðalhæð á garðinum og þá um 6 m² meðalþverssniði, yrði rúmmál garðsins um 350 m³, sem kosta myndu um 0,25 millj. kr.

Starfstími aðaldælunnar er áætlaður 90% af 4 mánuðum eða 2630 stundir. Er þá gert ráð fyrir, að dælt sé allan sólarhringinn og að nokkrar reksturstruflanir komi fyrir vegna bilana, o.p.h. Afköst dælunnar þurfa þá að vera 28,9 (72,2) l/sek miðað við 20 000 (50 000) tonn af þurrefnum árlega, 7% þurrefnainnihald, 2630 stunda dælutíma og eðlisþyngd 1,05.

Hagkvæmustu standard pipustærðir og prýstítöp verða þá:

Pipustærð: (A) 8" (B) 12"

Prýstítap: 7,0 VS/km 5,3 m VS/km

Lengd leiðslunnar og mesti hæðarmunur frá Mývatni að hverasvæðunum er

(I) að hverasvæðinu vestan fjalls:

$$L = 3,8 \text{ km}, h = 55 \text{ m}$$

(II) að hverasvæðinu austan fjalls:

$$L = 7,0 \text{ km}, h = 148 \text{ m}$$

Verður þá afþörf dælunnar, miðað við 70% nýtni:

(A) 28,9 l/sek

$$(I) L = 3,8 \text{ km}, h = 55 \text{ m}$$

$$h_f = 3,8 \times 7,0 = 26,6$$

$$h_s = 55,0$$

$$h_t = 81,6$$

$$\text{afþörf} = \frac{28,9 \times 81,6}{0,7 \times 75} = \underline{\underline{44,9 \text{ hö.}}}$$

$$(II) L = 7,0 \text{ km}, h = 148 \text{ m}$$

$$h_f = 7,0 \times 7,0 = 49,0$$

$$h_s = 148,0$$

$$h_t = 197,0$$

$$\text{afþörf} = \frac{28,9 \times 197}{0,7 \times 75} = \underline{\underline{108 \text{ hö}}}$$

(B) 72,2 l/sek

$$(I) L = 3,8 \text{ km}, h = 55 \text{ m}$$

$$h_f = 5,31 \times 3,8 = 20,2$$

$$h_s = 55,0$$

$$h_t = 75,2$$

$$\text{afþörf} = \frac{72,2 \times 75,2}{0,7 \times 75} = \underline{\underline{104 \text{ hö}}}$$

$$(II) L = 7,0 \text{ km}, h = 148 \text{ m}$$

$$h_f = 5,31 \times 7,0 = 37,2$$

$$h_s = 148,0$$

$$h_t = 185,2$$

$$\text{afþörf} = \frac{72,2 \times 185,2}{0,7 \times 75} = \underline{\underline{255 \text{ hö}}}$$

Verð á dælum, 50-300 ha, er áætlað 750-800 kr/ha með öllum nauðsynlegum útbúnaði. Verður þá verð þessara dæla í millj. kr.:

A I	0,04	B I	0,08
A II	0,08	B II	0,23

Verð dæluhúss er áætlað 0,5 - 0,7 millj. kr. eftir stærð dælunnar.

Þyngd 8" stálpípu er talin 43,3 kg/m. Sé reiknað með að pípan kosti uppsett 15 kr/kg, þar sem af eru 7 kr/kg efniskostnaður, verður verð hennar 650 kr/m. Samsvarandi tölur fyrir 12" leiðslu eru 76,8 kg/m og 1150 kr/m.

Fæst þá heildarverð pípunnar í millj. kr.:

A I	2,47	B I	4,25
A II	4,56	B II	7,84

Þar eð dælan við Helgavog starfar aðeins í 4 mánuði ársins, þarf að vera þró eða tjörn á hverasvæðinu, sem geymt getur forða hand verksmiðjunni þá 8 mánuði, sem dælan starfar ekki. Heildarmagnið, sem dælt er yfir árið er 273.000 (680.000)m³. Verður þá 8 mánaða forði 182.000 (453.000) m³. Ef gert er ráð fyrir, að ná megi burt þriðjungi vatnsins með því að láta leirinn setjast til (þ.e. 2/3 af vatni því sem blandast við leirinn við dælinguna), þarf rúmmál tjarnarinnar að vera 120.000 (300.000)m³. Miðað við 2 metra dýpi í þrónni þarf flatarmálið að vera 60.000 (150.000) m² og kantlengdin 250 x 250 (400 x 400) m. Ef þrónni er skipt í 3 hólf, verður lengd hleðslunnar eða garðsins 6 sinnum kantlengdin eða 1500 (2400) m. Gert er ráð fyrir að garðurinn sé 2 m háð, 3 m breiður að ofan og 15 m breiður að neðan (flái beggja megin 1 : 3) og verður þá flatarmál þverskurðarins 18 m² og rúmmálið 27.000 (43,000) m³. Samkvæmt upplýsingum frá Vegamálaskrifstofunni kostar 3-4 krónur að ýta upp hverjum m³ af jarðvegi upp í allt að 2 m hæð. Eftir því kostar garðurinn alls kr. 108.000 (kr. 172.000). Sé garðurinn þakinn 10 cm þykku malarlagi og jafnþykkt lag í botn uppistöðunnar, þarf til þess 8,250 (18,600) m³. Sé reiknað með 70 kr/m³ af mölinni, kostar hún kr. 578.000 (kr. 1.302.000) og þróin alls kr. 686.000 (kr. 1.474.000).

Tafla 2 sýnir helztu stærðir þessa dælukerfis og tafla 3 kostnaðaráætlunina.

Tafla 2. Helztu stærðir dælukerfis

	A I	A II	B I	B II
Árlegt magn þurrefna, tonn Hverasvæði	20,000 vestan	20,000 austan	50,000 vestan	50,000 austan
Fleki:				
Afköst, l/sek	43,4	43,4	109	109
Pípustærð	10"	10"	14"	14"
Aflþörf, hö	12,6	12,6	32,6	32,4
Þró við Myvatn:				
Lengd á garði, m	60	60	60	60
Aðaldæla:				
Afköst, l/sek	28,9	28,9	72,2	72,2
Aflþörf, hö	44,9	108	104	255
Leiðsla:				
Stærð	8"	8"	12"	12"
Lengd, km	3,8	7,0	3,8	7,0
Pyngd, tonn/km	43,3	43,3	76,8	76,8
Þró á hverasvæði:				
Rúmmál, þús. m ³	120	120	300	300
Flatarmál, þús. m ²	60	60	150	150
Lengd á garði, m	1500	1500	2400	2400

Tafla 3. Kostnaðaráætlun dælukerfis

Upphæðir eru millj. kr.

	A I	A II	B I	B II
Árlegt magn þurrefna, tonn Hverasvæði	20,000 vestan	20,000 austan	50,000 vestan	50,000 austan
Fleki	0,70	0,70	1,00	1,00
Þró við Myvatn	0,25	0,25	0,25	0,25
Aðaldæla	0,04	0,08	0,08	0,23
Dæluhús	0,50	0,60	0,60	0,70
Leiðsla	2,47	4,56	4,25	7,84
Þró á hverasvæði	0,69	0,69	1,47	1,47
Samtals,	4,65	6,88	7,65	11,49
=====	=====	=====	=====	=====

Rekstursáætlun

Við áætlun reksturskostnaðar er hér gert ráð fyrir 10% fyrningu, 7-8% vöxtum (f.e. 4% af stofnkostnaði til jafnaðar) og 3% viðhaldskostnaði öðrum en vinnulaunum, eða alls 17% af stofnkostnaði. Vinnulaun eru miðuð við 25 kr/klst og 48 stunda vinnuviku. Gert er ráð fyrir að við flekann starfi 3 vaktir og séu 2 menn á vakt í senn. Auk þess er gert ráð fyrir 1 aðstoðarmanni. Við dælustöðina þarf 4 vaktir með 1 manni og auk þess aðstoðarmann. Loks er reiknað með 1 starfsmanni fyrir bæði dælustöðina og flekann sameiginlega. Verður starfsliðið þá alls um 13 menn, ef til vill nokkuð meira fyrir stærstu dælustöðina og nokkuð minna fyrir þá minnstu. Rafmagn er talið sérstaklega og reiknað á 0,25 kr/kwst. Ýmis kostnaður er talinn 10% af öðrum kostnaði, einkum vegna þess að í áætlun stofnkostnaðar er ekki gert ráð fyrir neinum óvissum kostnaði.

Í töflu 4 er sýnt yfirlit yfir reksturskostnaðinn og einingarverð leirsins í þró á hverasvæðinu.

Tafla 4 Áætlaður reksturskostnaður og einingarverð leirsins í þró á hverasvæðinu.

	A I	A II	B I	B II
1. Afsskriftir, vextir og viðhald, annað en vinnulaun, 17% af stofnkostnaði, þús. kr.	790	1238	1300	1953
2. Vinnulaun, ca. 13 menn í 4 mánuði, miðað við 25 kr/klst. og 48 stunda vinnuviku, þús.kr.	250	270	270	290
3. Rafmagn á 25 aura/kwst, þús.kr.	<u>33</u>	82	82	198
Samtals,	1073	1590	1652	2441
4. Ýmis kostnaður, ca. 10% af öðrum kostnaði, þús. kr.	107	160	168	244
Samtals,	1180	1750	1820	2685
Verð pr. tonn þurrefni, kr.	59,00	87,50	36,40	53,70

Leirtaka við Mývatn - Leirflutningur með bílum

Niðurstöður

Í þessaari athugun er gert ráð fyrir, að leirnum sé dælt af botni Ytri-Flóa eins og áður, en í stað þess að dæla honum í Helgavog eins og áður er gert ráð fyrir, er nú gert ráð fyrir að honum sé dælt í haug við vatnið og láttinn setjast þar til, unz fært þykir að flytja hann á bílum til hverasvæðanna.

Miðað er við sama magn þurrefna og áður, (A) 20.000 tonn og (B) 50.000 tonn árlega og sömu hverasvæði og áður, (I) vestan Námafjalls og (II) austan Námafjalls.

Stofnkostnaður pessa fyrirtækis og einingarverð leirsins á hverasvæðinu er áætlaður eins og sýnt er í töflu I.

Tafla I

Áætlaður stofnkostnaður leirflutnings og einingarverð leirs á hverasvæði við Námafjall.

	Árlegt magn þurrefna tonn	Hvera- svæði	Stofn- kostnaður millj. kr.	Einingarverð kr/tonn þurrefni
A I	20.000	vestan	1,62	35,74
A II	20.000	austan	1,92	48,83
B I	50.000	vestan	2,99	27,08
B II	50.000	austan	3,59	38,98

Lýsing á tækjum

Í þessari athugun er gert ráð fyrir að dæla leirnum af botni Mývatns í haug við vatnið. Er gert ráð fyrir því að leirinn nái þar að setjast til, unz þurrefnainnihald hans er orðið allt að 30%. Síðan er leirnum nokað með vél-skóflu á bíla og fluttur til hverasvæðanna.

Flekadælunni, sem skilar leirnum á land, hefir verið lýst í fyrri hluta þessarar áætlunar. Við þá lýsingu þarf ekki öoru að bæta, en því, að þrýstileiðsla dælunnar lengist ef til vill um 500 metra, úr 2 í 2,5 km.

Amokstur yrði framkvæmdur með vélskóflu, sem bezt henta mjúkum jarðvegi. Þessar vélskóflur eru útbúnar skúffum sem ýtt er inn í hauginn og síðan lyft og snúið. Skúffurnar eru tæmdar með því að hvolfa þeim. Afköst slikra véla er um 1 m³ eða 1 tonn í hverri ferö.

Vörubílar yrðu notaðir til flutnings á leirnum að hverasvæðunum. Pyrfti hvor bíllað geta borið 10 tonn í ferö og geta affermt sig sjálfur.

Vegalagning eða endurbætur á vegi hljóta að verða einhverjar og verður gert nánari grein fyrir því síðar.

Afköst tækja og kostnaðaráætlun

Gert er ráð fyrir að flekadælan dæli sama magni á sama tíma og áður, en þurfi að vinna gegn nokkuð hærri móþrýstingi vegna lengri leiðslu og þurfi þess vegna að vera nokkuð aflmeiri. Er gert ráð fyrir að verð hennar hækki um 25% af þessum orsökum og verði þá 0,875 millj. kr. fyrir afkastaminni flekann (20.000 tonn af þurrefnum árlega) og 1,25 millj. kr. fyrir hinn (50.000 tonn þurrefnin).

Afköst og kostnaður vélskóflu byggist hér fyrst og fremst á tímaáætlun. Er hér gert ráð fyrir, að skóflan sé 1,5 mín. með hverja ferö og taki 1 tonn í ferö, eða að hún sé 15 mín. að fullferma hvern bíl. Fjöldi skóflanna og starfstími er hins vegar háður fjölda bílanna.

Flutningur

Verður hér sýndur helzti útreikningur fyrir flutning á 20.000 tonnum af þurrefnum árlega til svæðisins vestan Námafjalls, en allar niðurstöður sýndar í töfluformi í töflu 2.

Flytja þarf 67.000 tonn af blautum leir árlega eða 22,2 tonn/klst miðað við 3000 stunda starfstíma á ári. Sé miðað við 20 km/klst meðalhraða bíls með fullfermi og 50 km/klst meðalhraða óhlaðins bíls, 45 mín. raunverulegan vinnutíma hvers bíls á klst., finnst áætlaður ferðafjöldi hvers bíls á klst., sem hér segir:

Amokstur	0,25 klst.
Afferming	0,08 "
Akstur, hlaðinn (ekin vegalengd)/(hraði) = $3/20 = 0,15$	"
Akstur, tómur	= $3/50 = 0,06$
Samtals, klst./ferð	0,54 "

Ferðir/klst = $1/0,54 = 1,85$ (60 min/klst)

Ferðir/klst = $0,75 \times 1,85 = 1,39$ (45 min/klst)

Nauðsynlegur bílakostur verður þá: $\frac{22,2}{10 \times 1,39} = 1,6$

(þ.e. tonn/klst deilt með (10) tonnum pr. bíl pr. ferð og (1,39) ferðum/klst).

Sé bílafjöldinn ákveðinn 2 bílar, styttist vinnutími hvors bíls í $\frac{1,6}{2} \times 3000 = 2400$ klst/ár.

Hvor bíll ekur 1,39 ferðir á klst. eða 8,32 km/klst eða 20.000 km/ári. Sé reiknað með 150.000 km "ævi" endist bíllinn í 7 1/2 ár. Kaupverð 10 tonna vörubíls er um 300.000 kr. og verður fyrningarkostnaður hvers bíls på 40.000 kr/ári. Sé reiknað með 5% ársvoxtum eða meðalvextir 8000 kr. á ári. Eldsneyti og oliur er áætlað 0,6 kr/km, eða 16.000 kr. á ári. Laun ökumanns eru talin 30 kr/klst m.a. vegna vaktavinna, eða 72.000 kr. á ári. Verður þá árlegur reksturskostnaður hvers bíls 148,500 kr/ári eða beggja (allra) bílanna 297.000 kr/ár. Verður þá flutningskostnaðurinn á hvert tonn ar þurrefni $\frac{297.000}{20.000} = 14,85$ kr/tonn þurrefni.

Amokstur

Hér verða sýndir útreikningar á kostnaði við ámokstur fyrir 20.000 tonn af þurrefnum árlega til hverasvæðisins vestan fjalls, en allar niðurstöður sýndar í töflu 3 á svipaðan hátt og áður.

Gert er ráð fyrir að hver vélskófla sé 15 min. að lesta hvern bíl. Hver bíll fer 1,39 ferðir á klst. eða er 0,72 klst. með hverja ferð, en það jafngildir því að bílar komi með 0,36 klst. millibili. Þar sem skóflan er aðeins 0,25 klst. að ferma hvern bíl, er ein skófla nægjanleg. Sé reiknað með 10.000 klst. ævi og 120.000 kr. kaupverði, fyrnist skóflan um 12 kr/klst. eða 28.800 kr/ári. Meðalársvextir verða, miðað við 5% ársvoxti, um 3.800 kr. Þar eði ævi skóflanna er mjög

Tafla II

Útreikningur á flutningskostnaði

	AI	AII	BI	BII
1. Árlegt magn þurrefna, þús. tonn	20	20	50	50
2. Hverasvæði, vestan eða austan Námafjalls	v	a	v	a
3. Árlegt magn blausts leirs, þús. tonn	67	67	167	167
4. Afköst, miðað við 3000 klst/ári, tonn klst	22,2	22,2	55,6	55,6
5. Ekin vegalengd, hvor leið, km	3	7	3	7
6. Ámokstur, hver bíll, klst.	0,25	0,25	0,25	0,25
7. Afferming, hver bíll, klst.	0,08	0,08	0,08	0,08
8. Akstur, hlaðinn bíll, klst.	0,15	0,35	0,15	0,35
9. " tómur bíll, klst.	0,06	0,14	0,06	0,14
10. Samtals klst./ferð	0,54	0,82	0,54	0,82
11. Ferðir á klst. 60 mín. klst.	1,85	1,22	1,85	1,22
12. Ferðir á klst. 45 mín. klst.	1,39	0,91	1,39	0,91
13. Bílafjöldi, reiknaður	1,6	2,44	4,0	6,1
14. Bílafjöldi, ákvæðinn	2	3	5	7
15. Starfstími hvers bíls klst/ári	2400	2440	2400	2610
16. Ekin vegalengd hvers bíls, þús. km/ári	20	31	20	33,2
17. Ávi hvers bíls, ár	7 1/2	5	7 1/2	4 1/2
18. Fyrning, þús. kr./ári	40	60	40	66,7
19. Vextir, þús. kr/ári	8,5	9,0	8,5	3,0
20. Eldsneyti og olíur, þús. kr/ári	12,0	18,6	12,0	19,9
21. Viðhald, þús. kr/ári	16,0	24,8	16,0	26,6
22. Laun ökumanns, þús. kr/ári	72,0	73,2	72,0	78,3
23. Reksturskostn. pr. bíl þús. kr/ári	148,5	185,6	148,5	194,5
24. Reksturskostn. allra bíla, þús. kr/ári	297,0	556,8	742,5	1316,5
25. Flutningskostn. kr/tonn þurrefni	14,85	27,84	14,85	26,33

nálægt 4 árum. Sé eldsneyti og viðhald tekið hlutfallslega á við bílana, þ.e. 70% af fyrningu, verður sá kostnaður 20.200 kr/ári. Ökumaður kostar það sama og á bílana, eða kr. 72.000 árlega. Verður þá árlegur kostnaður við hverja skóflu kr. 124.800 og heildarkostnaður við ámokstur þar með kr. 124.800, en það jafngildir því að kostnaður við ámokstur sé 6,24 kr/tonn þurrefni.

Dæling

Stofnkostnaður dælu og fleka með öllum nauðsynlegum útbúnaði er áætlaður 0,9 millj. kr. fyrir 20.000 tonna afköst af þurrefnum árlega. Fyrning, vextir, viðhald og orka er tekið 17% af stofnkostnaði, eða 150.000 kr/ári. Mannahald er í samræmi við fyrri hluta þessarar áætlunar talið 140.000 kr/ári. Veröur þá reksturskostnaður dælunnar 293.000 kr/ári, eða dælingarkostnaður 14,65 kr/tonn þurrefni. Samsvarandi niðurstöður fyrir hina möguleika þessarar áætlunar eru sýndar í töflu 4.

Tafla III.

Kostnaður við ámokstur

	AI	AII	BI	BII
1. Árlegt magn þurrefna, þús. tonn	29	20	50	50
2. Hverasvæði vestan eða austan Námafjalls	v	a	v	a
3. Ámoksturstími pr. bíl, klst.	0,25	0,25	0,25	0,25
4. Tími milli bíla, klst.	0,36	0,37	0,14	0,16
5. Nauðsynlegur skóflufjöldi	1	1	2	2
6. Starfstími hverrar skóflu klst/ári	2400	2440	2400	2610
7. Fyrning hverrar skóflu, þús./kr/ári	28,8	29,3	28,8	31,3
8. Vextir, þús. kr/ári	3,8	3,8	3,8	3,8
9. Eldsneyti og viðhald, þús. kr/ári	20,2	20,5	20,2	21,9
10. Stjórnandi, þús. kr/ári	72,0	73,2	72,0	78,3
11. Kostnaður, hver skófla, þús. kr/ári	124,8	126,8	124,8	135,3
12. Kostnaður við ámokstur, þús. kr/ári	124,8	126,8	249,6	270,6
13. Kostnaður við ámokstur, kr/tonn þurrefni	6,24	6,34	4,99	5,41

Tafla IV.

Kostnaður við dælingu

	AI	AII	BI	BII
1. Árlegt magn þurrefna, þús. tonn	20	20	50	50
2. Hverasvæði, vestan eða austan Námafjalls	v	a	v	a
3. Stofnkostnaður, millj. kr.	0,90	0,90	1,25	1,25
4. Fyrning, vextir, viðhald, orka, þús.kr/ári	153	153	212	212
5. Vinnulaun, þús. kr/ári	140	140	150	150
6. Kostnaður við dælingu, þús. kr/ári	293	293	362	362
7. Kostnaður við dælingu, kr/tonn þurrefni	14,65	14,65	7,24	7,24

Stofnkostnaður og reksturskostnaður þessara tækja er sýndur í töflu 5.

Tafla V.

Stofnkostnaður og reksturskostnaður flutningatækja

	AI	AII	BI	BII
Árlegt magn þurrefna, þús. tonn	20	20	50	50
Hverasvæði, vestan eða austan fjalls	v	a	v	a
Stofnkostnaður, millj. kr.:				
Dæla	0,90	0,90	1,25	1,25
Vélskóflur	0,12	0,12	0,24	0,24
Bílar	6,60	0,90	1,50	2,10
Stofnkostnaður samtals	1,68	1,92	2,99	3,59
Reksturskostnaður, kr/tonn þurrefni:				
Dæling	14,65	14,65	7,24	7,24
Ámokstur	6,24	6,34	4,99	5,41
Akstur	14,85	27,84	14,85	26,33
Reksturskostnaður, samtals	35,74	48,83	27,08	38,98

Vegalagning

Í áætlun þessari um stofnkostnað og rekstursútgjöld vinnuvélanna, hefir kostnaði við vegalagningu og viðhald verið sleppt vegna óvissu. Tveir möguleikar virðast koma til greina:

(1) nýr vegur frá Mývatni stytztu leið að hverasvæðinu vestan fjalls og vegur sunnan Námafjalls að hverasvæðinu austanfjalla, eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti af þessu svæði, eða;


(2) endurbætur á núverandi vegi frá Mývatni yfir Námaskarð.

Nýi vegurinn yrði lagður að verulegu leyti yfir helluhraun og er því hætt við að hann yrði nokkuð kostnaðarsamur. Endurbæturnar kæmu hins vegar einkum fram í breikkun núverandi vegar og lagfæringerar á veginum um Námaskarð. Gæti Námaskarð orðið nokkuð erfitt viðfangs. Mun ákvörðun um vegarstæði og kostnaðaráætlun bezt gerð í samráði við Vegamálaskrifstofuna.

15-4'58 B.L.
TNR.-8
REFNAV.
FNR-3527

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Ytri-flói - Námafjall



Leirtaka við MývatnDæling og flutningur á 100.000 tonnum þurrefna árlega

Gert er ráð fyrir að dæla eða flytja með bílum 100.000 tonn af þurrefnum árlega til hverasvæðanna vestan og austan fjalls.

Gerð tækja og mannvirkja og fyrirkomulagi hefur verið lýst áður. Niðurstöður eru sýndar í töflu 1.

Tafla I. Stofnkostnaður og rekstrarkostnaður leir-dælingar og flutnings 100.000 tonna þurrefnis árlega.

	Dæling eða flutningur	Hvera- svæði	Stofnkostn. millj. kr.	Verð pr. tonn þurrefni kr.
C I	Dæling	V	10,13	23,89
C II	Dæling	A	15,38	36,52
C I	Flutningur	V	4,98	23,99
C II	Flutningur	A	6,48	37,02

Dæling

Flekadælan þarf að skila 220 l/sek. Sé gert ráð fyrir 18" pípu, verður vatnshæðinum $1,35 \frac{ta}{m}$ sek og þrýstiopið $5,8 m VS/km$.

Aflþörfin verður þá $h_f = 2 \times 5,8 = 11,6$

$$h_s = \frac{5,0}{= 16,6}$$

$$\text{Aflþörf} = \frac{220 \times 16,6}{0,7 \times 75} = 69,6 \text{ hö}$$

Verð þessa fleka með öllum útbúnaði er áætlað 1,25 millj. kr.

Tjörn við Mývatn er áætluð eins og áður á 0,25 millj. kr.

Aöaldælan þarf að skila 144,4 l/sek. Sé miðað við 16" pípu verður vatnshæðin $1,12 m$ sek og þrýstiopið $4,8 m VS/km$.

Aflþörfin verður þá:

$$\begin{aligned} \text{I } H_f &= 3,8 \times 4,8 = 18,2 \\ h_s &= \underline{\underline{55,0}} \\ h_f &= 73,2 \\ \text{Aflþörf} &= \frac{144,4 \times 73,2}{0,7 \times 75} = 202 \text{ hö} \end{aligned}$$

$$\begin{aligned} \text{II } h_f &= 7,0 \times 4,8 = 33,6 \\ h_s &= \frac{148,0}{181,6} \\ \text{Aflþörf} &= \frac{144,4 \times 181,6}{0,7 \times 75} = 500 \text{ hö} \end{aligned}$$

Verð slíkra dæla er áætlað

200 hö: = 150.000 kr.

500 hö: = 375.000 kr.

Dæluhús er áætlað á 0,7 - 1,0 millj. kr. eftir stærð dælunnar

Stálpipa, 16" dia, er talin vega 93,4 kg/m og kostar þá 1400 kr/m. Heildarverðið verður þá 5,32 millj. kr. til svæðisins vestan fjalls og 9,80 millj. kr. til svæðisins austan fjalls.

Þró á hverasvæðinu þarf að rúma 600.000 m³. Verður þá flatarmálið 300.000 m² og kantlengdin 650 x 550. Hleðslulengd 3300 m og rúmmál 59,500 m³. Verð: 238.000 kr. Grjóthleðsla: 35.200 m³ á 70 kr. = 2,46 millj. kr. Þróin kostar þá alls 2,70 millj. kr.

Tafla II. Kostnaðaráætlun dælukerfis - 100.000 tonn af þurrefni árlega. Upphæðir eru millj. kr.

Hverasvæði	Vestan fjalls	Austan fjalls
Fleki	1,25	1,25
Þró við Myvatn	0,25	0,25
Aðaldæla	0,15	0,38
Dæluhús	0,70	1,00
Leiðsla	5,32	9,80
<u>Þró á hverasvæði</u>	<u>2,46</u>	<u>2,70</u>
Samtals	10,13	15,38

Rekstrarkostnaður er áætlaður á sama hátt og áður, að öðru leyti en því, að mannahald er talið nokkuð meira eða 14-15 menn í stað 12-14. Verður þá rekstrarkostnaðurinn eins og sýnt er í töflu 3.

Tafla III. Rekstrarkostnaður við dælingu 100.000 tonna þurrefnis árlega. Upphæðir í þús. kr.

<u>Hverasvæði</u>	<u>vestan</u>	<u>austan</u>
1. Afskriftir etc.	1722	2610
2. Vinnulaun	290	310
3. Rafmagn	160	400
	Samtals	2172
4. Ýmislegt	217	332
	Samtals	2389
<u>Verð pr. tonn þurrefni kr.</u>	<u>23,89</u>	<u>36,52</u>

Tafla IV. Flutningur með bílum

<u>Flutningskostnaður</u>	<u>C I</u>	<u>C II</u>
1. Árlegt magn þurrefna, þús. tonn	100	100
2. Hverasvæði	V	A
3. Árlegt magn blauts leirs, þús. tonn	333	333
4. Afköst, miðað við 3000 klst/ári, tonn/klst	111	111
5. Ekin vegalengd, hvor leið, km	3	7
6. Ámokstur, hver bíll, klst.	0,25	0,25
7. Afferming, hver bíll, klst.	0,08	0,08
8. Akstur, hlaðinn bíll, klst.	0,15	0,35
9. " tómur bíll, klst.	0,06	0,14
10. Samtals klst/ferð	0,54	1,22
11. Ferðir á klst. 60 mín klst.	1,85	1,22
12. Ferðir á klst. 45 mín. klst.	1,39	0,91
13. Bílafjöldi, reiknaður	2,99	12,2
14. Bílafjöldi ákvæðinn	10	15
15. Starfstími, hvers bíls, klst/ári	2400	2440
16. Ekin vegalengd hvers bíls, þús km/ári	20	31
17. Ævi hvers bíls, ár	7,5	5
18. Fyrning, þús. kr/ári	40	60

	CI	CII
19. Vextir, þús. kr. ári	8,5	9,0
20. Eldsneyti og olífur, þús. kr. ári	12,0	18,6
21. Viðhald, þús. kr/ári	16,0	24,8
22. Laun ökumanna, þús. kr/ári	72,0	73,2
23. Rekstrarkostnaður pr. bíl. þús. kr./ári	148,5	185,6
24. Rekstrarkostnaður allra bíla, þús.kr/ári	1485	2780
25. Flutningskostnaður, kr/tonn þurrefni	<u>14,85</u>	<u>27,80</u>

Tafla V. Ámokstur

	CI	CII
1. Árlegt magn þurrefna, þús. tonn	100	100
2. Hverasvæði, vestan eða austan Námafj.	V	A
3. Ámoksturstími pr. bíl. klst.	0,15	0,25
4. Tími milli bíla, klst.	0,072	0,074
5. Nauðsynlegur skóflufjöldi	4	4
6. Starfstími hverrar stíflu, klst/ári	2400	2400
7. Fyrning, þús. kr/ári	28,8	29,3
8. Vextir, þús. kr/ári	3,8	3,8
9. Eldsneyti og viðhald, þús. kr/ári	20,2	20,5
10. Stjórnandi, þús. kr/ári	72,0	73,2
11. Rekstrarkostnaður pr. skóflu, þús.kr/ári	124,8	126,8
12. Rekstrarkostnaður allra skóflna, þús. kr/ári	499,2	507,2
13. Kostnaður við ámokstur, kr/tonn þurrefni	4,99	5,07

Tafla VI. Dæling

1. Árlegt magn þurrefna, þús. tonn	100	100
2. Hverasvæði, vestan eða austan Námafjalls	V	A
3. Stofnkostnaður, millj. kr.	1,50	1,50
4. Fyrning, vextir, viðhald, orka, þús. kr/ári	255	255
5. Vinnulaun, þús. kr/ári	160	160
6. Kostnaður við dælingu, þús. kr/ári	415	415
7. Kostnaður við dælingu, kr/tonn þurrefni	4,15	4,15

Tafla VII. Stofn- og rekstrarkostnaður flutningstækja

	CI	CII
Árlegt magn	100	100
Hverasvæði	V	A
<hr/>		
Stofnkostnaður millj. kr.		
Dæla	1,50	1,50
Vélskófла	0,48	0,48
Bílar	<u>3,00</u>	<u>4,50</u>
Samtals	<u>4,98</u>	<u>6,48</u>
<hr/>		
Rekstur kr/tonn þurrefní		
Dæla	4,15	4,15
Vélskófла	4,99	5,07
Bílar	<u>14,85</u>	<u>27,80</u>
Samtals	<u>23,99</u>	<u>37,02</u>
<hr/>		

Flutningur á kísilméli frá Námaskarði
til Evrópulanda

Samkvæmt upplýsingum frá Aburðarverksmiðjunni kostaði flutningur á kísilméli með Gullfossi frá Danmörku í marz 1957 kr. 340,- pr. tonn, uppskipun, hafnargjöld og vátrygging innifalið. Að síðu er um tiltölulega lítt flutning að ræða til Aburðarverksmiðjunnar, sem myndi gera hann tiltölulega dýrari, en hinsvegar er efni það, sem flutt var, þyngra en framleiðsla verksmiðjunnar við Námaskarð mun verða. Ennfremur virðist þessi upphæð vera sambærileg við flutningskostnað á sementi, þegar tillit er tekið til rúmþyngsla sementsins og kísilmélsins.

Flutningskostnaður með 10 tonna vörubílum mun vera nálægt 0,8 kr/tonn-km, miðað við góða nýtni bílanna. Verður flutningskostnaðurinn þá um 50 kr/tonn miðað við nýjan veg frá Námaskarði, norðan Mývatns að Laxárvirkjuninni eða í Reykjavíkverfið. Þessi vegalengd er um 60 km, þar af 30 km nýr, en sennilega auðlagður vegur. Yrði flutt um núverandi veg, yrði kostnaðurinn um 72 kr/tonn, en þó myndu verulegar endurbætur þurfa að fara fram á veginum.

Ferming bílanna er áætluð 10 kr/tonn og virðist sambærilegt við kostnað Aburðarverksmiðjunnar þegar tillit er tekið til aðstæðna. Afferming myndi kosta annað eins, eða alls kr. 20,- pr. tonn. Er gert ráð fyrir, að ferming fari fram á þann hátt, að pokarnir með kísilmélinu, séu teknir úr geymslu við verksmðjuna og látnir á grindur, 40 pokar eða 1 tonn á hverja grind, sem síðan yrðu teknar með lyftivagni (fork lift) og látnar á bílana. Þessar grindur yrðu ekki losaðar fyrr en í lest skipsins, enda þótt kísillinn þyrfti að fara í geymslu á Húsavík um skeið. Þetta fyrirkomulag krefst allmargra grinda í umferð, en bæði flýtir og auðveldar fermingu til mikilla muna.

Samkvæmt framanskráðu er flutningskostnaður á framleiðslunni frá verksmiðju á Evrópumarkað áætlaður kr. 410,- pr. tonn.

III. TILRAUNIR MED VINNSLU

(A) Hreinsun með vatnsslemmingu

Slemmun á leðjunni fyrir og eftir glæðingu var reynd með nokkrum aðferðum:

(1) Slemmun og settlun sands úr blautri leðju í margföldu vatnsmagni miðað við rúmmál leðju: Samloðun hindrar fulla sundurgreiningu og leðju "aggregötin" falla til botns með sandinum.

(2) Sama aðferð og (1) að viðbættri suðu í vatni gefur betri dreifingu, en samt þarf að endurslemma 2-3 sinnum til að fá botnfallið sœmilega gísilgúr frítt. Úr slíkri slemmun fékkst gúr, sem innihélt 73,6% SiO_2 og hafði 13,1% glæðitap. Alls var notað 80 falt rúmmál leðjunnar við þessa slemmun.

(3) Sé leðjunni dælt inn í uppistöðu, fellur grófasti sandurinn mikið til botns næst inntakinu, sem sjá má af efnagreiningum í leðju frá dælingunni við Mývatn sumarið 1957. Þá reyndist leðja sú, sem safnaðist 12 m frá inntaki innihalda 72% SiO_2 en leðjan við það tæplega 60% SiO_2 . Hér nam leðjan 16% af vatni því, sem dælt var. Sundurgreiningin myndi verða minni, væri um hærra hlutfallslegt leðjumagn að ræða, en væntanlega nokkuð meiri, ef leðjumagnið væri minna og uppi-staðan vel til fallin.

(4) Slemmun á leðju, sem hefir verið þurrkuð, er erfið sökum samloðunar.

(5) Slemmun með undanfarandi jarðgufu hitun og blöndun, gefur góða dreifingu. Árangur er þó ekki mikið betri en í tilraun (2).

(6) Slemmun samfara suðu og brennisteinssýru í vatninu gefur bezta greiningu, og leysir sýran þá að sjálfsögðu mikið upp.

(7) Reynt var að slemma leðjuna að undanfarandi glæðingu við 650°C . Við það brenna lífræn efni í burtu og bundið vatn rýkur úr. Sé gúrinn slemmaður í vatni á eftir, fellur sandurinn mun örará til botns og sundurgreiningin er því skarpari. Hinsvegar veldur það erfiðleikum, að gúrinn loðir töluvert saman og þarf því mölun áður en slemmað er.

Ein slemmun gefur góða sundurgreiningu eftir handmölun á gúrnum. Miðað við þunga þess gúrs, sem endanlega fæst, þarf þó 80 falt vatnsmagn við slemmingu þessa. Eftir endurglæðingu við 900°C hefir þannig fengizt 96% SiO_2 í gúrnum. Það hefir reynzt eins hvort leðjan var settluð fyrir glæðingu. Útkoman varð endanlega hin sama.

Settlun á glæddum kísilskeljum tekur langan tíma sé ætlast til að hún sé fullger. Eftir 5 daga reynist þó lítið svif eftir í vatninu.

Hæsta kísilsýrumagn, sem fengizt hefir með settlun var náð með:

(a) suðu í þynntri H_2SO_4 + settlun fyrir glæðingu + settlun, eftir glæðingu, í heitri þynntri H_2SO_4 . Reyndist það 98,2% SiO_2 .


Arangur af þessum athugunum með settlun í vatni virðist sá, að synt er að aðferðirnar eru dýrar, einkanlega sökum mikils vatnsmagns, sem þarf að nota. Aðeins sú aðferð að notfæra sér dælinguna á leðjunni til settlunar virðist verð athygli, sé miðað við vinnslu kísilgúrs til almennra þarfa.

(8) Tilraunahreinsun á stórum leðjusýnishornum úr Mývatni í ágúst til desember 1956.

Í ágústmánuði var tekið stórt leðjusýnishorn úr Mývatni. Staður var valinn ca. 300 metra út frá Helgavogi. Tunnumpramminn var dreginn á flot og af honum var unnið. Sérlega gerð skófla sem opnuð var í því dýpi, sem óskað var, tók sýnishornin af ca. 2 metr. dýpi miðað við leðjuvífirborð. Leirinn var settur í strigapoka og þannig fluttur austur fyrir fjall. Þarna voru teknir um 150 lítrar af særilega þéttum leir. Á sama hátt voru teknir 80 lítrar úr Kálfstjörn. Sýnishornin eru síðan meðhöndluð hvort í sínu lagi.

a. Gufusundrun Sýnishornin látin í trétunnu og jarögufa látin bobla gegnum það - þynnt um $1/3$ hluta.

Látið sjóða í 5 klst. á þennan hátt. Leðjan var þá vel deflokkelleruð.



b. Slemmun Sлеммаð var með 10 földu magni af köldu vatni. Mikill sandur gekk frá við það. (botnfall í slemmifötum)

c. Purrkun Sлеммиð sett í þetta léreftspoka eftir botnfellingu og síast þá nokkurt vatn úr. Síðan voru pokarnir látnir á gufurörin og þornaði leirinn þá á skömmum tíma.

Inniheldur þó 20% raka því ekki var lögð áherzla á að fullþurrka. Mývatnsleir vög nú 23 1/2 kg en Kálfstjarnarleir 11 kg.

d. Glæðing Leirinn var nú fluttur til Reykjavíkur og var þar handmulinn og síðan glæddur í skúffum í leirbrennsluofni við 650-700°C. Nú vegur hann

Mývatnsleir 15 kg

Kálfstj.leir 8 -

e. Slemmun á hluta leirsins Hluti (ca. helmingur) af báðum leirtegundum sлеммаður í vatni. Hann var jafnóðum handmulinn blautur gegnum gróft sigti. Vatnið sem sлеммаð var í var

Mývatnsleir 150 x 5 = 750 l

Kálfstj. leir 150 x 3 = 450 l

Síðan var purrkað, eftir að sezt hafði til í tunnunum í 48 tíma, hellt af vatninu og sлеммиð sett í þetta léreftspoka.

Tekið upph.	Purr-hrein	úrgangur, óhreint
7,7 kg	4,16	3,54
3,6	2,02	1,58

Hér var sлеммаð með riflega 100 földu vatnsmagni miðað við þunga leirsins, en mölunin var ófullkominn og slemmingarárangur nokkru verri en gerist um minni sýnishorn. Efnagreiningar sýndu:

	Glaðoitap % V/1000	SiO ₂ %
Mývatnssýnishornið	3,36	88,47%
Kálfstjörn	2,52	89,82%

Var nú talin frekari þörf á hreinsun á þessu efni.

(B) Lofthreinsun

(1) 30. okt. 1956. Upp í gegnum lööréttta 2" viða glerpípu, sem var 150 cm löng var látin ganga það hraður loftstraumur, að leir sem í pípuna var láttinn, þandist ca. 30% út vegna kvíkunaráhrifa loftstraumsins. Við þetta tók loftið með sér létt leirkorn, en þyngri sandkorn urðu frekar eftir í kvíklaginu í pípunni. Með ^{því} hreinsa þannig Kálfstjarnarleir er ófugl aftirfarandi útkoma:

Tímabil, klst.	Safnað (gr.)	Glæðitap %	SiO ₂ %
0,1	7	2,28	89,91
1-3	9 1/2	2,61	89,25
3-6	29	2,46	85,82
Eftirstöðvar	30 1/2	2,28	73,57

Kísilsallanum, sem loftinu fylgdi var safnað saman með því að láta loftstrauminn síast gegnum léreftspoka. Það sem þannig fékkst er sjáanlega ekki hlutfallslegt við tímalengdina, enda mun lofthraðinn ekki hafa verið stöðugur. Tilraunin sýnir greinilega sundurgreiningu, sem verður á efninu í hreinni og óhreinni hluta. Einnig það, að eftir því sem leirinn í kvíklaginu verður óhreinni, því meiri óhreinindi verða í því sem með loftinu fer. Með þessu móti voru hinir slemmuðu hlutar leirsins endurhreinsaðir (sjá A 8) og fékkst þá nokkuð magn, sem notað var til að senda sýnishorn til útlanda. Um 70% leirsins voru blásin yfir og fékkst þá samkv. sýnish. sendum Atv.d. Háskólags

	Mývatnsleir (batch 1)	Kálfstjarnarleir (batch 2)
SiO ₂	89,09	92,12
Fe ₂ O ₃	2,59	2,44
Al ₂ O ₃	3,21	3,24
CaO	0,93	0,99
Gl.tap	2,53	1,77

(2) Lofthreinsun með útskiljurum (nóv. 1956)

Nú var bætt við 2 lööréttum pípum sem tengdar voru í seríu við kvíkunarpípuna. Í þessum pípum settist til það grófara, sem yfir fer með loftinu og því sem þá var eftir var safnað í poka enda innihélt loftið tölverðan salla eftir að hafa farið gegnum þessa tvo hreinsara.

Með þessu móti fékkst ennþá betri hreinsun og var gerð tilraun með mismunandi hætti.

(3) Leirinn mulinn í kúlumyllu

Tilraunir voru gerðar með að mylja leirinn í kúlumyllu og lofthreinsa hann síðan með aðstoð hreinsara. Kvíkun á þessum leir reyndist fremur erfið og ekkert var unnið við mölun í kúlumyllu svo séð væri. (sjá tilr. A).

(4) Hreinsun á óslemmuðum en glæddum leir
var nú reynd, eftir að hann hafði verið handmulinn.
Með því móti fékkst eins góður árangur og áður hafði
fengist með slemmaðan leir og kvíkun var auðveldari
en á kúlumyllum ~~oldum~~ leir. (sjá tilr. B). Tilraunir
þessar voru gerðar með Mývatnsleir, sem áður hafði
fengist 89% kísilríkur, en náiði nú riflega 92% í pokanum.

Tilraun A-1

12/12 1956

Efni: Mývatnsleir, glæddur og kúlumyllumulinn

Sett í: 300 gr. (500 ml.).

Tími frá byrjun minútur	Stat. þrýst. cm Hg	P cm H ₂ O	Loft l/min	Ath.
0	10	28	52	
30	11	28	52	
80	10	29 1/2	65	
100	10	19	49	
190	10 1/2	21	52	
235	10 1/2	21	52	
295	11	21	52	
325	11	21	52	
355	12	21	52	
445	12 1/2	20	50	
475	13 1/2	19 1/2	50	hætt

Eftirstöðvar 161 gr.

Hreinsari I 55 + lítilsh. tap

" II 25 1/2

Poki 36
277 1/2

Nota þurfi háan lofthraða til að halda kvíkun, sem var mjög erfið með þessu mulda efni. Varð þó betra eftir því sem á leið.

Tilraun A-2

Framhald af A-1, 14/12 1956

Efni: Mývatnsleir, glæddur, myllumulinn

Sett í 153 gr

+ eftirst. frá A-1 161 gr

Samtals 314 gr

Tími min	Stat. cm Hg	þrýst cm H ₂ O	P cm H ₂ O	Loftmagn litrar/min	Ath.
15	11	14 1/2		41	
45	10 1/2	14		40	
105	10 1/2	14		40	
165	10 1/2	16 1/2		45	
225	10 1/2	14 1/2		41	
285	12 1/2	16		44	
345	10 1/2	14		40	
375	10 1/2	14		40	hætt
Eftirstöðvar	107 gr.	% SiO ₂		Glæðitap %	
Hreinsari I	91 1/2 gr	73,64		2,83	
" II	49 "	89,0		2,73	
Poki	42 "	91,73		2,16	
	289 1/2 gr				

Tilraun B-1

16/12 1956

Efni: Glæddur Mývatnsleir, handmulinn

Sett í: 300 gr.

Tími min.	Stat. þryst. mm Hg	P mm H ₂ O	Loftmagn litr./min	Ath.
0	5	3	14	
30	5 1/2	5	20	
75	6 1/2	6	22	
105	7 1/2	5	20	
180	6 1/2	5	20	
Hér er bætt við 150 gr. af Mývatnsleir				
220	7	5	20	
250	6	6	22	hætt hér

Efnagreining á innihaldi poka

% SiO₂ 92,34 Glæðitap 2,16%

Þessi leir þolir mun minni lofthraða en sá kúlumuldi og kvíkun er betri.

Tilraun B-2

16/12

Efni: Glæddur Mývatnsleir

Sett í: 310 gr.

Tími min.	Stat. þrýst. cm Hg	P cm H ₂ O	Loftmagn litr./min.	Ath.
0	5 1/2	4	17	
30	5	4	17	
45	5	4	17	
75	5 1/2	4	17	
165	5	4	17	
255		4	17	hætt
		% SiO ₂	% Glæðitap	
Urgangur	70 1/2 gr.	65,06	2,26	
Hreinsari I	100	82,78	1,60	
" II	62 1/2	90,01	1,86	
Poki	48 1/2	91,41	2,11	

Tilraun B-3

Efni: Glæddur Mývatnsleir

Sett í: 159 gr.

Timi min.	Stat. þrýst. cm Hg	P cm H ₂ O	Loftmagn litr./min	Ath.
0	11 1/2	11	34	
90	10 1/2	11 1/2	35	stoppað
		SiO_2	% Glæðitap	
Urgangur 61 gr.		66,57	2,73	
Hreinsari I 31 gr.		76,73	2,18	
- II 28 -		83,97	2,05	
Poki 39 -		88,14	2,31	

Góð kvíkun í þessari tilraun en miklu meiri lofthraði en í B-2. Sundurgreining ekki eins góð aftur á móti.

Tilraun C-1

Efni: Sérstaklega meðhöndlæður kísilgúr, vegna áburðar í Hollandi. Mývatnsleðja, tekin við yfirborð, 1954.

Meðhöndlun; þurr leðja handmulin, slemmuð, settluð, þvegið með vísíðaupplausn, settlað 2-svar með útþynningu á milli, bleikt með leypoklóriði, settlað, síða, þurrkað við 105°C , mulið með kefli.

Tilraun:	Tími	P	Loftmagn
	360 min,	4 1/2-6 cm H_2O ,	18-22 lítrar/min

Urgangur 68 gr

Hreinsari I 28 -

" II 21 -

Poki	45 -	81,38%	SiO_2	9,90% Glæðitap
------	------	--------	----------------	----------------

Sýnishornið varð nærrí hvítt við þurrkun.

IV. MARKADSATHUGANIR

Skipta má kísilgúrnánum í 3 flokka. Í fyrsta lagi þeim sem eru sjávarmyndaðar og eru venjulega þykk lög, þétt og oft með leir millilögum. Í öðru lagi námur, sem eru í sambandi við ár eða stöðuvötn og er þá kísilgúrinн oftast myndaður í fersku vatni og venjulega yngri en sjávarlöggin. Í þriðja lagi eru svo námur þar sem gúrinn er ennþá að myndast í vötnum og fenjum. Þessi síðastnefndi gúr inniheldur venjulega tölувert af lífrænum efnum, sem ekki hafa ennþá sundrast og líkist oft mó að útliti til.

Flest þau kísiljaröarlög, sem hafa þýðingu til vinnslu, eru nálægt yfirborði, en stöku sinnum eru þó námur unnar á allmiklu dýpi.

Þegar kísiljörð er unnin úr fenjum eða vötnum eru notaðir graftrar-prammar með dælum eða keðjuskóflum. Síðan er mesta vatnið tekið úr með því að láta síga úr leðjunni á landi eða með pressum. Þurrkun fer svo fram úti í hraukum eða inni í þurkklefum, eða ofnum. Síðan er efnið glætt, mulið og loft-sigtað.

Hreinleiki er mikilvægt atriði gagnvart öllum notum kísilgúrs. Sé hann ætlaður til síunar, er einnig mikilvægt hvaða tegund kísilþörnnga er um að ræða, stærð þeirra, lögun og mjög mikilvægt er að lítið sé um brotnar og mjög smáar skeljar. Nauðsynlegt er að skilja vandlega frá hina óhagstæðari hluta gúrsins.

Sé gúrinn ætlaður til einangrunar er nauðsynlegt að hitaleiðni sé lítil, raki sé lítill, eðlisþungi sé lítill og að skeljarnar séu sem sterkastar.

Ef um er að ræða slípun og fyllingarefni, er stærðin einnig mikið atriði. Gagnvart sumum notum er nauðsynlegt að gúrinn sé sem hvítastur, svo sem í málningu og pappír en til annarra nota er hvítleiki ekki alltaf nauðsyn.

Sé gúrinn ætlaður í steypu er hreinleiki, finleiki og vatnsheldni mestu atriðin.

Í Bandaríkjunum voru árið 1953 54% kísilgúr-framleiðslunnar notuð við síun í iönaði, 26% voru notuð sem fyllir í gúmmí, pappír, plast, málningu, skordýraeitur og fl. 9% voru notuð í hita- og hljóðeinangrun og 11% í ýmislegt, sem sem slípingu leirvöru, hvatabera og natrium silikat.

Eftirfarandi tafla sýnir heimsframleiðsluna til ársins 1953. (samkv. Mineral Yearbook 1953)

Skýringar við töfluna

Taflan er fengin úr "Bureau of Mines Minerals Yearbook 1953". Henni fylgja eftirfarandi skýringar:

- 1) Álitið er að kísilgúr sé einnig unninn í Argentínu, Brasiliu, Japan, Kóreu, Noregi, Portugal, Rúmeniu, Rússlandi, Spáni og Ungverjalandi, en áreiðanlegar upplýsingar frá þessum löndum eru ekki fyrir hendi. Greinarhöfundur hefur áætlað framleiðslu þessara landa og tekið með í heildartöluna.
- 2) Tölur úr áður útgefnum greinum um kísilgúr hafa verið endurskoðaðar áður en þær voru teknar í þessa töflu.
- 3) Meðaltal áranna 1948-52
- 4) Meðaltal áranna 1951-53
- 5) Meðaltal áranna 1945-48
- 6) Upplýsingar vantar. Áætlað magn tekið með í heildartölu
- 7) Áætlað magn
- 8) Meðaltal áranna 1946-48

Heildarframleiðsla á kíssilgúr {diatomite}
1944-48 (meðaltal) og 1948-53 {tonnum 7}

Land 1)	1944-48 Meðaltal	1949	1950	1951	1952	1953
N-Ameríka: Canada	54	54	44	83	25	3
Costa Rica	12	129	454	454	680	390
Bandaríkin	190.300	3) 232.800	3) 232.800	4) 272.000	4) 272.000	4) 272.000
S-Ameríka: Chile	5)	321	3.313	154	6)	6)
Austurríki	3.236	3.536	3.285	3.894	3.901	4.000
Danmörk, kíssilgúr	2.978	4.038	4.122	4.859	5.000	5.000
	42.000	70.000	70.000	95.000	100.000	100.000
Finnland	763	1.457	1.025	1.345	1.121	1.000
Frakkkland	22.652	37.632	35.400	37.000	40.000	40.000
V-Þýzkaland	6)	29.335	33.707	43.952	47.852	50.350
Ítalia	3.588	6.629	11.487	10.565	8.500	10.000
Svíþjóð	1.650	1.844	1.780	1.847	1.572	1.600
Bretland	3.521	10.770	3.796	9.348	17.273	20.000
N-Írland	11.768	7.914	6.546	8.866	8.838	7.384
Afríka:						
Aísir	5.210	13.581	13.710	20.992	20.016	25.704
Egyptaland	1.180	1.178	1.062	2.752	711	119
Kenia	685	2.224	2.613	4.286	6.027	4.448
Astralífa:						
S-Afrika	516	1.155	436	87	1.080	109
Ástralífa	4.396	4.128	6.321	8.869	6.468	2.883
Nyja Sjáland	243	96	121	121	207	6)
Samtals, áætl.	350.000	480.000	480.000	580.000	590.000	600.000

Þau lönd, sem helzt virðast koma til greina sem markaðssvæði íslenzks kísilgúrs eru England, Holland, Belgía, Þýzkaland og Frakkland.

England flytur sennilega inn um 20.000 tonn kísilgúr árlega, meðal annars frá Algier og Bandaríkjunum. Belgía flytur inn um 2500 tonn á ári. Frakkland fær aðallega kísilgúr frá Algier en flytur inn 3000 tonn árlega frá Bandaríkjunum. V-Þýzkaland flytur inn 60.000 tonn árlega, að mestu frá Danmörku en 4000 tonn frá U.S.A. Holland flytur inn 4-5000 tonn árlega, að mestu frá Algier en töluvert annars staðar að.

Hreinsuð sýnishorn af Mývatnsgúr voru send til Bretlands, Hollands og Þýzkalands, Eftirfarandi umsögn fékkst:

(1) Bretland, Mondoval Limited

"Auk þess kísilgúrs (diatomite), sem framleiddur er heima fyrir, flytur England inn gúr frá meginlandinu. Verð það sem greitt er, er frá £40-£60 eftir gaðum. Það er vitanlega hægt að fá vöru þessa fyrir £20-£24, en sá gúr er ekki eins góður og það efni sem þér senduð.

(2) Holland, Nederlandch, Verkoopkontoor voor Chemische Production N.V.

Við höfum haft mikil bréfaskipti við þetta firma, sem hefir gefið okkur verulegar upplýsingar um markað á meginlandinu. Um sýnishornið segja þeir þetta:

"Í dag (18. jan. 1957) fengum við niðurstöður efnagreininga á sýnishornum yðar og sýndu þær eftirfarandi:

	Kálfstjarnargúr	Mývatnsgúr
SiO_2	87,36%	89,37%
Al_2O_3	2,42%	2,06%
CaO	0,68%	0,68%
Fe_2O_3	2,41%	2,32%
K_2O	0,28 %	0,18%
Raki	2,81 %	2,04%

Eins og þér munuð sjá, er kísilsýrumagnið nokkuð hátt miðað við Bandarískt efni, en Fe_2O_3 er ekki jafnhagstætt

Þér sjáið, að þar sem gúrinn virðist þó vera markaðshæfur til almennra nota, þá erum við mjög áhugasamir um að mynda honum markað hér í Benelux-löndunum og öðrum Evrópulöndum líka".

(3) Fyzkaland, Amt für Bodenforschung

Sýnishornin voru send Prof. Konrad Richter, sem hér dvaldist sumarið 1946. Umsögn hans kemur fram í skýrslu, sem hann gaf um för sína hingað til lands sem hann nefnir: Bericht über die geologischlagerstöttenkundlichen und geothermischen Untersuchungen in Nord-Island in Monaten Juni und Juli 1956 (Bls. 81-82)

"Samkvæmt nákvæmri kornastærðargreiningu gaf sýnishorn það af glæddum kísilgúr, sem Baldur Líndal sendi ágætar niðurstöður samanborið við þýzkan og amerískan gúr. Samkvæmt þeim niðurstöðum tilheyrir gúrinn eindregið hinum betri tegundum. Sé um að ræða gúr til skordýraeutursfyllingar er æskilegt að hafa sem mest af stærðinni 3-10 mikron, sem samkvæmt greiningunni er sérlega hagstætt í Mývatnsgúr.

Stærðargreiningar:

	Mývatnsgúr	Amerikanskur gúr, Filter-Cel
100 mikron	0,5%	
100-60 "	3,9%	
60-30 "	0,2%	3 mikrón
30-20 "	0,9%	2 "
20-10 "	11,4%	8 "
10-6 "	27,8%	23 "
6-2 "	15,6%	34 "
2 "	15 %	31 "

Skýrsla Prof. Richters bætir nokkru við það sem áður var vitað um bæði Mývatnsgúrinn og kísiljarðarnámurnar í Nesi í Aðaldal. Ekki virðist þó ástæða til að rekja það hér nánar, því betra er að lesa skýrsluna sjálfa. Sá misskilningur skal þó leiðréttur hér, sem kemur fram í skýrslu Próf. Richters, að þau glæddu sýnishorn af kísilgúr, sem Baldur Líndal sendi honum hafi einungis verið úr Kálfstjörn.

Sýnishornin voru tvö, og var annað þaðan, en hitt úr Mývatni skammt frá Reykjahlíð. Þau voru mjög lík eins og kemur greinilega fram annars staðar í þessari skýslu.

Niðurstöður markaðsathugana

Sýnt er að Mývatnskísilgúrinn er verðmætt hráefni, sem markaður er fyrir í mörgum löndum Evrópu. Með því að prófa fyrir sér með nokkuð stærri sýnishornum en ennþá hefir verið gert má að öllum líkindum fá vissu fyrir markaði, sem myndi nema 5-10 þúsund tonnum af verðhærri kísilgúrnum og sennilega nokkrum tugum þúsunda tonnum af hinum verðminni gúr.